

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 18. júní 2026.

Mál nr. 374/2025:

Ákærvaldið

(Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari)

gegn

Bartosz Milbrandt

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

(Inga Lillý Brynjólfssdóttir réttargæslumaður)

Lykilorð

Brot í nánu sambandi. Einkaréttarkrafa. Kynferðisbrot. Nauðgun. Sönnun. Sératkvæði.

Útdráttur

B var ákærður fyrir nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi með því að hafa með ofbeldi og ólögmætri nauðung og án samþykkis haft samræði og önnur kynferðismök við A á sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt. Var háttsemi B í ákæru talin varða við 1. mgr. 194. gr. og 1., sbr. 2. mgr., 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinum áfrýjaða dómi var B sakfelldur og dæmdur í þriggja ára fangelsi og gert að greiða A 2.500.000 krónur í miskabætur. Landsréttur mat framburð A trúverðugri en framburð B og að hann fengi nægilegan stuðning í öðrum gögnum til að hann yrði lagður til grundvallar sakfellingu. Taldi rétturinn því hafið yfir skynsamlegan vafa að B hefði gerst sekur um þá háttsemi sem greindi í ákæru. Var niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sakfellingu B og greiðslu miskabóta til A því staðfest.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Kristinn Halldórsson og Ragnheiður Bragadóttir og Eiríkur Elís Þorláksson, settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 5. maí 2025 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málgögn bárust réttinum 29. október sama ár. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 2025 í málinu nr. [...] /2024.
- Ákærvaldið krefst þess að refsing ákærða verði þyngd.
- Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að miskabótakröfu brotaþola verði vísað frá dómi en til vara að krafan verði lækkuð.

- 4 Brotapoli, A, krefst þess að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. nóvember 2021 til 19. júlí 2023, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 5 Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þá er þar rakinn framburður ákærða, brotþola og annarra vitna í héraði.
- 6 Samkvæmt ákæru er ákærða gefin að sök nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi með því að hafa föstudagskvöldið 26. nóvember 2021, á þáverandi heimili sínu og brotþola að [...] í Reykjavík, með ofbeldi og ólögmætri nauðung og án samþykkis brotþola, haft samræði eða önnur kynferðismök við hana á sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt. Ákærði hafi gripið í hendur brotþola og þrýst henni með andlitið upp að vegg, staðið fyrir aftan hana og haldið henni fastri, tekið fætur hennar í sundur og stungið getnaðarlim sínum eða fingri í leggöng hennar. Hann hafi skeytt því í engu þótt brotþoli hafi streist á móti og ítrekað beðið hann um að hætta. Í ákæru er á því byggt að háttsemi ákærða hafi haft þær afleiðingar að brotþoli hafi hlotið nokkra marbletti á báðum framhandleggjum, þar af einn um sex sentimetra að stærð á hægri framhandlegg og annan um 2,5 sentimetra að þvermáli á vinstri framhandlegg, sár á vísifingri vinstri handar, marbletti, dreifð eymsli og bólgur á lærum, ásamt eymslum hægra megin í hálsi og í miðlínu háls hryggjar, í úlnliðum og í vinstri olnboga. Með háttsemi sinni hafi ákærði ógnað á alvarlegan hátt heilsu og velferð brotþola. Háttsemi ákærða er í ákæru heimfærð til 1. mgr. 194. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 7 Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og honum gert að sæta fangelsi í þrjú ár. Honum var jafnframt gert að greiða brotþola 2.500.000 krónur í miskabætur með nánar tilgreindum vöxtum.
- 8 Fyrir Landsrétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl. Um er að ræða skýrslur af ákærða og brotþola í öðru máli, máli lögreglu nr. [...], þýðingu á íslensku úr pólsku af hljóðupptöku í því sama máli og skjámynd af samskiptum ákærða við vitnið B, sem þýdd hafa verið á íslensku úr pólsku.
- 9 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar hljóð- og myndupptökur af framburði ákærða, brotþola og vitnisins B í héraði. Einnig var spiluð hljóð- og myndupptaka af framburði vitnisins E, dóttur brotþola, sem hún gaf fyrir dómi í Barnahúsi undir rannsókn málsins. Þá gáfu ákærði, brotþoli og vitnið B viðbótarskýrslur fyrir Landsrétti.
- 10 Í viðbótarskýrslu ákærða fyrir Landsrétti kom fram að hann og brotþoli hefðu tekið aftur upp samband viku eftir að aðalmeðferð málsins lauk í héraði. Ákærði sagði þau hafa ferðast saman til útlanda og verið á ferðalagi þegar verjandi ákærða hefði upplýst hann símleiðis um niðurstöðu héraðsdóms. Þá hefðu þau einnig tekið upp sambúð að

nýju í stuttan tíma, eða frá nóvember 2025 til febrúar 2026. Sambandinu hefði síðan lokið þremur vikum fyrir aðalmeðferð málsins í Landsrétti.

- 11 Ákærði neitaði að hafa haft í hótunum við brotþola vegna málsins. Hann kannaðist aftur á móti við að í honum mætti heyra á hljóðupptöku sem lögð hefur verið fram undir rekstri málsins í Landsrétti. Ákærði sagði engar hótanir koma fram á upptökunni, einungis rifrildi á milli hans og brotþola. Á ákærða var að skilja að það hefðu verið mistök af hálfu brotþola að kæra hann vegna þessara samskipta og hefðu þau talað um að hún myndi skipta um lögfræðing til að taka málið upp.
- 12 Fram kom hjá ákærða að hann hefði rætt málið við vitnið B og þau verið sammála um að ásakanir brotþola í hans garð væru upplognar. Þá sagðist ákærði hafa séð textasamskipti milli B og brotþola í síma þeirrar síðarnefndu þar sem þessi sama afstaða vitnisins hefði komið fram.
- 13 Í viðbótarskýrslu brotþola kom fram að ákærði hefði á meðan þau voru í sambandi ítrekað krafist þess að þau gerðu samning sín á milli um reglur í sambandinu. Þannig hefði hann viljað semja um hversu oft þau ættu að stunda kynlíf. Samninginn kvað brotþoli hafa átt að taka mið af löngunum og vilja ákærða.
- 14 Brotþoli staðfesti að hún og ákærði hefðu tekið upp samband að nýju eftir dómtöku málsins í héraði. Þá kannaðist hún við að þau hefðu verið á ferðalagi erlendis þegar dómur héraðsdóms var kveðinn upp. Taldi brotþoli að sambandinu hefði endanlega lokið í nóvember 2025, sem hún tengdi við að hún hefði þá ferðast til Póllands.
- 15 Brotþoli staðfesti að framlögð samskipti milli hennar og vitnisins B væru úr hennar síma. Hún sagði ákærða oft hafa tekið síma hennar án leyfis, meðal annars í það skipti sem hann hefði tekið mynd af fyrrnefndum skilaboðum. Brotþoli sagði að ákærði hefði oft vísað til þessara skilaboða í tengslum við þá ósk hans að hún drægi framburð sinn í málinu til baka.
- 16 Spurð út í hljóðupptöku, sem lögð hefur verið fyrir Landsrétt, staðfesti brotþoli að hafa gert upptökuna af samskiptum þeirra ákærða. Á upptökunni ræði þau meðal annars um að B muni bera ákærða í hag í málinu í kjölfar rifrildis milli hennar og brotþola. Brotþoli sagðist hafa fengið frekari hótanir frá ákærða eftir að upptakan var gerð. Hún kvaðst vera að reyna að flýja undan honum. Þannig væri hún nú að skipta um húsnæði þar sem hann hefði haft uppi á dvalarstað hennar. Lýsti brotþoli ótta við að ákærði fyndi hana að nýju.
- 17 Brotþoli kvaðst standa að fullu við framburð sinn í héraði og engu hafa við hann að bæta. Hún sagði að ákærði hefði margsinnis reynt að fá hana til að draga framburð sinn til baka og þá hefði hann einnig reynt að fá hana til að skipta um lögfræðing.
- 18 Í viðbótarskýrslu sinni staðfesti vitnið B að afrit af skilaboðum, sem lögð hafa verið fyrir Landsrétt, væru frá henni komin og sagðist hún hafa sent brotþola þau í ágúst 2025 eða eftir uppkvaðningu héraðsdóms. Hún hefði hitt brotþola um það leyti og

sagði að brotþoli hefði lýst ánægju sinni með að hafa „unnið málið“ og fengið bætur. Þær væru ekki vinkonur lengur þar sem henni fyndist brotþoli hafa notfært sér hana. Vitnið var innt eftir skýringu á eftirfarandi setningu í skilaboðunum: „Þú sakaðir strák um nauðgun sem þú sjálf skipulagðir.“ Svaraði vitnið því til að það hefði á tilfinningunni að brotþoli kæmi ekki hreint fram og skáldaði upp sögur.

Niðurstaða

- 19 Samkvæmt ákæru á ætluð refsiverð háttsemi ákærða að hafa átt sér stað föstudagskvöldið 26. nóvember 2021 á baðherbergi á þáverandi heimili hans og brotþola. Ákærða og brotþola ber saman um að þau hafi deilt fyrr þetta kvöld vegna kaupa á pítsu. Þá ber þeim saman um að brotþoli hafi farið í sturtu og ákærði síðan komið inn á baðherbergið. Þeim ber aftur á móti ekki saman um hvað átti sér stað í kjölfarið inni á baðherberginu.
- 20 Fyrir liggur að lögregla kom á heimili brotþola og ákærða 27. nóvember 2021 í kjölfar þess að tilkynning barst um hávaða frá íbúð þeirra. Lögregla ræddi við brotþola sem greindi svo frá að til átaka hefði komið milli hennar og ákærða skömmu áður þegar ákærði hefði veist að henni, tekið af henni síma og bannað henni að fara út að hitta vinafólk sitt. Eftir brotþola er haft á vettvangi að ákærði hafi frá því að sambúð þeirra hófst fyrir um ári verið ógnandi og ofstopafullur. Einnig að hann hafi reynt að nauðga henni fjórum sinnum, síðast kvöldið áður, en þá hafi hann ruðst inn á baðherbergið þar sem hún hafi verið að þurrka sér eftir að hafa farið í sturtu. Hún hafi tjáð honum að hún vildi ekki stunda kynlíf með honum en hann þá rífið af henni handklæðin og reynt að þvinga hana til samræðis aftan frá. Hún hafi barist um og hótad að hringja á lögreglu og ákærði þá hætt. Í hin þrjú skiptin hafi ákærði reynt að nauðga henni eftir að hún var komin upp í rúm og gert honum grein fyrir því að hún vildi ekki stunda kynlíf með honum. Í öll skiptin hafi hann rífið hana úr fötunum, snúið henni á bakið, glennt fætur hennar í sundur og reynt að setja getnaðarlim sinn í leggöng hennar.
- 21 Tekin var skýrsla af brotþola á lögreglustöð síðar sama dag. Þar greindi hún einnig frá því að ákærði hefði reynt að nauðga henni í fjögur skipti, þrisvar eftir að þau voru komin upp í rúm og einu sinni inni á baðherberginu, en það atvik hefði átt sér stað kvöldið áður. Lýsti hún því atviki nánar svo að hún hefði verið með handklæði vafið um sig miðja og annað á höfðinu eftir að hafa farið sturtu. Hann hefði komið inn á baðherbergið, farið úr nærbuxunum og sagt henni að hann vildi stunda kynlíf með henni, punktur, basta, eins og hún orðaði það. Hann hefði síðan gripið í hana, snúið henni við, þrýst henni upp að veggnum og viljað hafa við hana samræði aftan frá. Hún hefði öskrað og hótad því að hringja á lögreglu og ákærði þá hætt.
- 22 Í skýrslutöku hjá lögreglu 16. desember 2021 lýsti brotþoli atvikinu á baðherberginu með ítarlegum hætti. Sagðist hún hafa farið inn á baðherbergi eftir rifrildi þeirra ákærða og farið í sturtu. Að sturtu lokinni hefði hún vafið handklæði um höfuð sér og verið að þurrka sér með öðru. Ákærði hefði þá komið inn á baðherbergið og tilkynnt

henni að hann vildi stunda með henni kynlíf en hún sagt honum að hún vildi það ekki og byrjað að vefja hinu handklæðinu utan um sig. Ákærði hefði þá orðið ágengur, byrjað að klæða sig úr fötunum, buxum, peysu og nærbuxum, og tjáð henni að hún ætti að stunda með honum kynlíf af því að hann vildi það núna. Honum væri nákvæmlega sama hvort hún vildi það eða ekki. Ef hann vildi stunda kynlíf ætti hún að láta það eftir honum. Hún hefði ætlað að fara út af baðherberginu en hann hefði stöðvað hana, tekið í vinstri handlegg hennar og reynt að toga hana inn í sturtuna. Sagðist hún hafa gripið í glervegginn með hægri hendi og reynt að streitast á móti en þá hefði hann snúið henni við þannig að hún hefði snúið baki í hann, þrýst henni með öllum líkamspunga sínum upp að veggnum og haldið fast um útrétta handleggi hennar. Ákærði hefði síðan ýtt fótum hennar í sundur, bæði með því að nota líkamann og síðan aðra höndina en þá hefði hann tekið utan um líkamann á henni og handleggir hennar vísað niður. Hann hefði síðan sett getnaðarlim sinn aðeins inn í leggöngin á henni, en ekki farið alla leið þar sem hún hefði allan tímann reynt að stöðva hann. Hún hefði beðið hann um að sleppa sér og sagt honum að hún vildi þetta ekki en hann ekki hlustað á hana. Hann hefði ekki sleppt henni fyrr en hún byrjaði að öskra og hóta því að hringja á lögreglu. Eftir á hefði hann sagt henni að hann hefði ekki stungið limnum inn í leggöng hennar heldur fingri. Hún sagðist á hinn bóginn hafa fundið að um getnaðarlim hans var að ræða en ekki fingur. Hún sagði að átökin á milli þeirra ákærða á baðherberginu hefðu staðið yfir í um 15 til 20 mínútur.

- 23 Brotapoli sagði að hin þrjú skiptin, sem ákærði hefði reynt að nauðga henni, hefðu átt sér stað í svefnherbergi þeirra, en það hefði verið áður en atvikið á baðherberginu átti sér stað. Hann hefði byrjað að sýna þessa hegðun eftir að hún flutti til hans í apríl eða maí 2020 og gat sér þess til að það væri vegna þess að hann hefði verið að sprauta sig með sterum. Brotapoli sagðist hafa sagt vinkonu sinni, B, frá þessum fjórum skiptum.
- 24 Í skýrslutöku hjá lögreglu 10. maí 2023 ítrekaði brotapoli að á baðherberginu hefði ákærði sett getnaðarlim sinn í leggöng hennar. Eftir á hefði ákærði á hinn bóginn sagt henni að ekki hefði verið um nauðgun að ræða þar sem hann hefði eingöngu sett fingurinn inn í endaparminn á henni. Hún hefði aftur á móti fundið að það var getnaðarlimurinn sem fór inn í leggöngin.
- 25 Fyrir héraðsdómi lýsti brotapoli atvikinu á baðherberginu á þann veg að ákærði hefði gengið inn á hana á baðherberginu þar sem hún hefði verið í sturtu. Hann hefði byrjað að afklæða sig, viljað fara með henni í sturtu og hafa við hana samfarir, sem hún hefði ekki viljað. Hún hefði reynt að komast frá honum og beðið hann að fara út af baðherberginu. Þá hefði hann þrýst á hana og reynt að snerta hana. Hún hefði beðið hann um að hætta en hann þá snúið henni þannig að andlitið á henni hefði verið upp við vegginn og hún snúið baki í hann. Hún hefði ítrekað reynt að snúa sér við en hann snúið henni jafnóðum til baka með því að grípa fast í hendurnar á henni og þrýsta henni upp að veggnum. Hann hefði síðan ýtt fötunum á henni í sundur með öðrum fæti. Hann hefði fyrst sett fingur sinn inn í leggöngin og síðan getnaðarliminn. Kvaðst

hún hafa fundið fyrir hvoru tveggja. Á meðan hefði hann haldið henni með annarri hendinni. Hún hefði allan tímann reynt að komast frá honum, beðið hann að hætta og síðan öskrað á hjálp. Ákærði hefði þá hætt, byrjað að klæða sig og síðan farið. Ákærði hefði verið pirraður af því að hann hefði ekki náð sínu fram vegna mótstöðu hennar. Brotapoli neitaði því aðspurð að ákærði hefði reynt að setja getnaðarliminn í endaparm hennar á baðherberginu. Eftir á hefði ákærði á hinn bóginn sagt henni að hann hefði eingöngu sett fingur inn í leggöngin og að það væri ekkert slæmt. Því hefði hún ekki minnst á það í skýrslu hjá lögreglu og aðeins greint frá því að ákærði hefði sett getnaðarliminn inn í leggöngin. Þá kvaðst hún ekki minnast þess að hafa greint frá því á bráðamóttökunni að ákærði hefði reynt að stunda með henni kynlíf í svefnherbergi þeirra nóttina eftir að atvikið á baðherberginu.

- 26 Brotapoli bar einnig fyrir héraðsdómi að ákærði hefði áður reynt að nauðga henni en þau atvik hefðu átt sér stað í svefnherbergi þeirra. Hún kvaðst oftast hafa streist á móti og komið í veg fyrir að hann næði sínu fram, en stundum hefði hún gefið eftir til að fá frið. Hún sagði að þegar ákærði hefði haft við hana samræði gegn hennar vilja hefði það yfirleitt verið um leggöng en einstaka sinnum hefði hann einnig reynt að hafa við hana kynmök um endaparm. Þessi atvik hefðu öll átt sér stað í íbúð þeirra [...] og gerst með tveggja til fjögurra vikna millibili. Eitthvað hefði verið um liðið síðan síðasta tilvikið á undan atvikinu á baðherberginu átti sér stað en líklega hefði það verið fyrr í sama mánuði. Brotapoli bar um að ákærði hefði viljað gera samning þeirra á milli um að hún samþykkti að stunda með honum kynlíf hvenær sem honum hentaði.
- 27 Brotapoli sagði ákærða ekki hafa beitt hana líkamlegu ofbeldi að morgni 27. nóvember 2021 þegar hann tók símann af henni. Þau hefðu rifist og mögulega hefði hann snert hana eða gripið í hana en ekki meitt hana.
- 28 Brotapoli sagði að þrátt fyrir að ákærði hefði ítrekað beitt hana kynferðislegu ofbeldi á sambúðartímanum og hún farið frá honum nokkrum sinnum hefðu þau alltaf tekið upp samband aftur. Ákærði hefði margsinnis lofað henni að allt myndi breytast og sagt að hann gerði sér grein fyrir hegðun sinni, ætlað að bæta sig og ekki gera sömu mistökin aftur. Kvaðst brotapolí ávallt hafa trúað ákærða og vonað að hann myndi breyta hegðun sinni þannig að samband þeirra gengi upp, en það hefði hún viljað.
- 29 Ákærði hefur frá upphafi neitað sök. Í fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu 27. nóvember 2021 sagði ákærði að honum og brotapolá hefði orðið sundurorða vegna kaupa á pítsu skömmu áður en þau komu heim umræddan dag. Brotapoli hefði farið í sturtu og hann farið inn á baðherbergi til hennar og viljað fara í sturtu með henni. Hann hefði byrjað að snerta hana og viljað taka utan um hana til að sættast. Hún hefði beðið hann um að láta sig í friði og farið úr sturtunni. Í kjölfarið hefðu einhverjar ýtingar átt sér stað á milli þeirra í gríni og hann síðan sleppt henni. Hann sagði að brotapolí hefði sofíð í stofunni nóttina á eftir en komið upp í rúm undir morgun og þau sofnað aftur.

- 30 Nánar aðspurður sagðist ákærði hafa gripið í brotaþola á baðherberginu og spurt hvort hún vildi stunda með honum kynlíf í sáttaskyni. Hún hefði aftur á móti reynt að rífa sig frá honum og hann sleppt henni eftir smá stund. Spurður kvaðst ákærði hafa haldið utan um brotaþola aftan frá í fimm til tíu sekúndur. Ákærði neitaði því að hafa nokkurn tímann beitt brotaþola líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi meðan á sambúð þeirra stóð.
- 31 Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu að nýju 11. maí 2023. Aðspurður um atvikið á baðherberginu sagðist ákærði aðeins hafa viljað faðma og kyssa brotaþola í sturtunni og biðjast afsökunar á rifrildinu. Brotaþoli hefði þá orðið ofbeldishneigð og reynt að losa sig frá honum. Sagðist ákærði hafa haldið brotaþola í um fimm sekúndur til að róa hana niður. Meðan á þessu stóð hefði brotaþoli verið í sturtunni og hann staðið við sturtuna, fullklæddur. Því væri ómögulegt að hann hefði „sett [...] í hana“ í öllum fötunum. Ákærði neitaði því að hafa afklæðst og þá sagði hann ekki rétt að hann hefði beðið brotaþola um að stunda með sér kynlíf. Jafnframt væri ekki rétt að hann hefði þrisvar áður reynt að þröngva henni til samræðis.
- 32 Í skýrslu sinni fyrir héraðsdómi sagðist ákærði hafa viljað sættast við brotaþola eftir rifrildið um pítsuna og farið inn á baðherbergið til hennar þar sem hún hefði verið að ljúka við sturtu. Þegar hún hefði verið komin að vaskinum með handklæði vafið utan um sig hefði hann reynt að nálgast hana til að faðma hana en hún hefði ekki viljað það, hrint honum frá sér og byrjað að öskra. Hann hefði þá sleppt henni og farið í sturtu. Þetta hefði allt gerst mjög hratt og kannski tekið eina sekúndu. Ákærði var spurður hvernig hann hefði verið klæddur og kvaðst hann halda að hann hefði einnig verið nakinn og annað hvort verið með handklæðið vafið um sig eða haldið á því. Inntur eftir skýringum á áverkum, sem voru á brotaþola daginn eftir, sagði ákærði að þeir tengdust líklega atvikinu morguninn eftir en þá hefðu þau rifist og tekist á um síma brotaþola. Ákærði neitaði því að hafa tekið á brotaþola, enda hafi hann haldið á símanum hennar frekar hátt uppi til að skoða skilaboð í honum. Brotaþoli hefði á hinn bóginn barið hann í handlegginn. Einnig hefðu þau kippt í hvort annað. Þegar ákærða var bent á að það samræmdist ekki því sem áður hefði komið fram sagðist hann hafa kippt sér frá brotaþola.
- 33 Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sönnunargögn. Enn fremur metur dómari, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafi sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr.

- 34 Samkvæmt því sem að framan er rakið um framburð ákærða fyrir héraðsdómi og undir rannsókn málsins hefur frásögn hans af atvikum tekið talsverðum breytingum. Ákærði hefur þannig ýmist borið um að hafa verið fullklæddur þegar hann átti samskipti við brotþola inni á baðherberginu eða kviknakinn. Þá hefur hann einu sinni neitað því að hafa afklæðst á baðherberginu. Einnig hefur ákærði ýmist borið um að hafa ætlað í sturtu með brotþola eða ekki og ýmist sagst hafa óskað eftir því að stunda kynlíf með henni á baðherberginu eða fullyrt að það væri ekki rétt. Enn fremur hefur ákærði ýmist borið um að hafa nálgast brotþola á meðan hún var enn í sturtunni eða eftir að hún var komin upp að vaskinum með handklæði vafið utan um sig. Loks hefur ákærði tengt áverka, sem samkvæmt læknisvottorði voru á brotþola daginn eftir atvik málsins, við samskipti þeirra morguninn eftir þegar ákærði tók síma af brotþola. Þó bar hann um að hafa ekkert komið við brotþola meðan á því stóð heldur haldið símanum hátt á lofti á meðan hann skoðaði skilaboð í honum. Dregur allt það sem hér hefur verið rakið verulega úr trúverðugleika framburðar ákærða varðandi það sem gerst hafi á baðherberginu umrætt sinn.
- 35 Sakargiftir á hendur ákærða grundvallast á framburði brotþola. Meðal þess sem ákærvaldið hefur vísað til honum til stuðnings er framburður dóttur brotþola fyrir dómi í Barnahúsi sem bar um að hafa einhvern tímann heyrt öskur frá baðherbergi heimilisins. Við mat á sönnunargildi þessa framburðar stúlkunnar verður ekki framhjá því horft að brotþoli og ákærði hafa bæði lýst því að sambúðin hafi verið mörkuð ósætti þeirra og tíðum deilum. Því til samræmis liggur fyrir að afskipti lögreglu af málinu 27. nóvember 2021 komu til vegna tilkynningar nágranna um mikinn hávaða sem barst frá heimilinu. Þegar þessa er gætt er tilvitnaður framburður dóttur brotþola ekki til þess fallinn að geta verið til stuðnings framburði hennar um þau atvik sem ákæra málsins tekur til.
- 36 Ákærvaldið hefur til stuðnings sakargiftum einnig vísað til vottorðs D sálfræðings 25. janúar 2022, þar sem fram kemur fram að brotþoli hafi leitað á neyðarmóttöku í kjölfar kynferðisbrota 25. og 26. nóvember 2021. Samkvæmt vottorðinu kom brotþoli einungis í eitt viðtal hjá sálfræðingnum. Í vottorðinu er því lýst að brotþoli hafi haft einkenni áfallastreituröskunar. Á hinn bóginn er tekið fram að mat sálfræðingsins á brotþola hafi verið vandkvæðum bundið af ýmsum ástæðum. Í ljósi alls þessa getur vottorðið og framburður sálfræðingsins fyrir dómi haft afar takmarkað sönnunargildi í málinu.
- 37 Til stuðnings framburði brotþola hefur ákærvaldið enn fremur vísað til hljóðupptaka af tveimur samtölum á pólsku sem brotþoli gerði. Hafa upptökurnar verið þýddar yfir á íslensku og liggja þær þýðingar fyrir í málinu. Upptökurnar voru meðal þeirra gagna sem héraðsdómur lagði til grundvallar sakfellingu ákærða. Við mat á sönnunargildi þeirra verður ekki framhjá því horft að þær eru óskýrar og talsvert sundurlausar. Ákærði hefur neitað því að hann sé sá karlmaður sem heyra má í á upptökunum og jafnframt hefur hann ekki kannast við efni þeirra. Þá liggur fyrir með

upplýsingaskýrslu lögreglu 1. nóvember 2024 að brotþoli eyddi upptökunum og að af því afriti þeirra sem fyrir liggur í málinu verður ekki ráðið hvenær þær voru gerðar. Rýrir allt framangreint sönnunargildi upptakanna svo að ekki verður á þeim byggt til sakfellingar í málinu.

- 38 Taka verður fram að þó svo að gögn þau sem hér hefur verið vikið að geti ekki, svo heitið getur, talist skjóta stöðum undir framburð brotþola eru þau heldur ekki til þess fallin að draga úr trúverðugleika hennar.
- 39 Fyrir liggur að brotþoli leitaði á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítala 27. nóvember 2021 í kjölfar þess að lögregla var kölluð að heimili hennar og ákærða. Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings kemur fram að frásögn brotþola hafi verið tekin niður með aðstoð túlks. Í skýrslunni er fyrst lýst því atviki á heimili brotþola og ákærða sem leiddi til afskipta lögreglu. Í kjölfarið er vikið að atviki sem átt hafi sér stað á baðherbergi heimilisins daginn áður. Þar er því lýst að í kjölfar þess að brotþola og ákærða varð sundurorða hafi hún komið heim og farið í sturtu. Þegar brotþoli hafi staðið með handklæði vafið utan um sig hafi ákærði komið inn á baðherbergið, lokað dyrunum og reynt að stunda kynlíf með henni. Hún hafi neitað en ákærði, sem verið hafi reiður og æstur og kallað hana ljótum nöfnum, hafi sagst verða að njóta ásta með henni þrátt fyrir þá afstöðu hennar. Hann hafi togað í handklæði brotþola, tekið í framhandleggi hennar og ýtt fótleggjum hennar í sundur. Þá hafi hann „[reynt] að ýta limnum sínum inn í hana en [hætt] þegar hún [hótaði] að hringja á lögregluna“. Móttökuskýrslan inniheldur form þar sem mögulegt er að krossa í reiti þar sem kynferðislegu framferði geranda er lýst. Er þar merkt við „Já“ við „Samfarir í leggöng“, við „Nei“ við „Samfarir í endaparm“ og við „Já“ við „Tilraun til nauðgunar“. Í sambærilegt form varðandi andlegt og líkamlegt ástand þolanda við komu er merkt við „Já“ við „Í losti“, „Grátköst/tárast“, „Óttaslegin/nn, kvíðin/nn“, „Hræddur/ur um líf sitt“, „Ráðaleysi“, „Bjargarleysi“ og „Sjálfsásökun“.
- 40 Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings er einnig getið um tvö önnur tilvik. Þannig er því lýst að ákærði hafi aðfaranótt 27. nóvember 2021 reynt að stunda kynlíf með brotþola í rúmi þeirra en hún neitað. Hann hafi þá rifið föt hennar. Þá hafi ákærði tveimur dögum áður, eða 25. nóvember, nauðgað brotþola með þeim hætti að hann hafi fyrst rifið af henni fötin og haldið henni niðri á handleggjunum. Því næst hafi hann sest á hana og nauðgað henni um leggöng og reynt að nauðga henni um endaparm en hún margsagt honum að hún vildi það ekki. Að endingu er haft eftir brotþola í skýrslunni að það skipti engu máli hvort hún sé veik, langi ekki til að stunda kynlíf eða sé á blæðingum. Vilji ákærði taka hana þá verði hún að leyfa honum það þar sem hann telji sig vera mikilvægastan.
- 41 Vegna komu brotþola á neyðarmóttöku liggur einnig fyrir vottorð C sérfræðilæknis á Landspítalanum, 27. nóvember 2021. Í því er atviki sem gerst hafi daginn áður lýst svo að sambýlismaður brotþola hafi ráðist á hana og þröngvað henni til kynferðislegs samræðis með valdi. Hann hafi tekið hana hálstaki þannig að hún hafi átt erfitt með

andardrátt. Hann hafi haldið mjög fast um framhandleggi hennar og úlnliði og þvingað fætur hennar í sundur og þannig komið fram vilja sínum. Árásin hafi haldið áfram um einhvern tíma fram í nóttina þar sem hann hafi reynt áfram að hafa við hana samræði. Á einhverjum tímapunkti hafi hann lagst ofan á hana og reynt að hafa við hana endaparmsmök en það ekki tekist. Af þeirri háttsemi hafi hún hlotið slæma verki í baki. Í vottorðinu er getið um áverka á framhandleggjum brotaþola, úlnliðum, vinstri olnboga, báðum lærum, hálsi, vísifingri og baki. Tekið er fram að hún hafi neitað áverkum eða eymslum í kringum kynfæri og endaparm og þau svæði því ekki verið skoðuð.

- 42 Af framangreindum gögnum má ráða að brotaþoli hafi við skoðun á neyðarmóttöku lýst því að ákærði hefði einnig nauðgað henni daginn fyrir atvikið á baðherberginu og enn fremur gert tilraun til þess að nauðga henni nóttina eftir það atvik. Hér verður að líta til þess að um er að ræða lýsingu heilbrigðisstarfsmanna á frásögn brotaþola af kynferðisofbeldi, sem hún heldur fram að ákærði hafi ítrekað beitt hana á sambúðartímanum. Frásögn brotaþola var höfð eftir henni með aðstoð tólks og liggur fyrir að brotaþoli var í áfalli og andlegu uppnámi þegar hún skýrði frá. Lýsing á því að ákærði hafi nauðgað henni nóttina eftir atvikið á baðherberginu fær þannig hvorki samræmst framburði brotaþola fyrir héraðsdómi né ákærða hjá lögreglu, en hann bar þar um að brotaþoli hefði sofið frammi í stofu þá nótt. Þá skýrði brotaþoli svo frá fyrir héraðsdómi að eitthvað hefði verið um liðið síðan síðasta ofbeldistilvikið á undan atvikinu á baðherberginu átti sér stað en líklega hefði það verið fyrr í nóvember. Að öllu þessu virtu þykir áðurgreind lýsing í gögnum heilbrigðisstarfsmanna ekki draga úr trúverðugleika framburðar brotaþola varðandi sakargiftir í málinu.
- 43 Að mati dómsins eru þau gögn sem að framan eru rakin og stafa frá heilbrigðisstarfsmönnum sem ræddu við brotaþola og skoðuðu hana við komu á neyðarmóttöku daginn eftir að atvik máls gerðust framburði hennar til stuðnings. Þannig er sú lýsing sem höfð er eftir brotaþola í móttökuskýrslunni að meginstefnu til hin sama og frásögn hennar fyrir dómi og við skýrslugjöf hjá lögreglu og hefur hún verið staðföst í frásögn sinni af þeirri ætluðu háttsemi ákærða sem honum er gefin að sök í ákæru. Þá þykja þeir áverkar sem brotaþoli reyndist vera með við skoðunina vera til þess fallnir að styðja við framburð hennar, en sá læknir sem skoðaði hana og ritaði framangreint vottorð gaf skýrslu í héraði þar sem hann bar meðal annars um að frásögn brotaþola gæti komið heim og saman við þá áverka sem hann hefði orðið áskynja við skoðunina.
- 44 Skýrsla vitnisins B í héraði veitir framburði brotaþola einnig stuðning. Hún kvaðst þá vera vinkona brotaþola og bar að brotaþoli hefði greint henni frá tveimur tilvikum þar sem ákærði hefði reynt að hafa samfarir við hana gegn hennar vilja. Annað þeirra tilvika hefði átt sér stað í sturtu á baðherbergi á heimili brotaþola og ákærða. Fyrir Landsrétti dró vitnið þennan framburð sinn til baka og staðfesti að framlögð skjámynd af samskiptum væri af samskiptum þeirra tveggja.

- 45 Ákærði og brotþoli hafa staðfest fyrir Landsrétti að hljóðupptaka sem lögð var fram við meðferð málsins fyrir réttinum hafi að geyma samskipti þeirra á milli. Hefur ákærði borið að á upptökunni megi heyra rifrildi á milli hans og brotþola. Af því sem fram kemur í upptökunni, sem liggur frammi í íslenskri þýðingu, má ráða að ákærði er mjög ósáttur við að brotþoli hafi blandað lögreglunni í það sem hann telur eiga að hafa verið þeirra á milli. Er ákærði orðljótur og lætur þung orð falla í garð brotþola. Ákærði þvertækur fyrir að hafa nauðgað brotþola og leggur hart að henni að „láta þetta allt saman lagast“ og segja „hvað sem „fucking“ er svo að þetta verði öðruvísi“. Síðar segir ákærði: „Alveg eins og með lögregluna, varst að leyfa þér allt of mikið, það þyrfti að smetta þig bara og láta þig halda kjaftri, ég ætti að smetta þig og láta þig halda kjaftri en þú ætlaðir þér að fara til lögreglunnar að segja frá“. Enn síðar segir ákærði: „[Þá] skaltu „fucking“ passa þig á mér því að þá mun ég tortíma þér ef þú ert hrædd við [þá], þá „fucking“ tortími ég þér ásamt vinkonum þínum [...]. Af því þú ert hrædd en samt ertu að klaga, rétt? Þá veit ég ekki því þú ættir að vera lúbarinn, af því að þannig fólk á ekkert að labba um.“ Þá lætur ákærði að því liggja að hún hafi kært hann í því skyni að fá greiddar bætur. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið styður hljóðupptakan framburð brotþola um að ákærði hafi þrýst á hana að breyta framburði sínum.
- 46 Svo sem að framan er rakið hefur framburður brotþola að því er ákæruatriðin varðar verið staðfastur um að ákærði hafi komið inn á baðherbergið til hennar þar sem hún hafi verið að koma úr sturtu, hann afklæðst og viljað stunda með henni kynlíf. Þegar hún hafi hafnað því hafi ákærði neytt aflsmunar eins og áður hefur verið rakið og þvingað hana til kynmaka með því að þrýsta henni upp við vegg þannig að hún hafi snúið baki í hann, þvingað fætur hennar í sundur og stungið fingri og síðar getnaðarlim inn í leggöng hennar. Fær frásögn hennar af þessum atvikum stoð í vottorði læknis, sem skoðaði áverka brotþola daginn eftir og taldi að þeir samræmdust lýsingu hennar á aðförum ákærða. Einnig fær framburður hennar stoð í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings á bráðamóttöku vegna kynferðisofbeldis þar sem andlegu og líkamlegu ástandi hennar er lýst. Sú staðreynd að brotþoli tók að nýju upp samband við ákærða eftir að atvik máls gerðust þykir, í ljósi þess sem fram hefur komið um eðli sambands þeirra, ekki vera til þess fallin að draga úr trúverðugleika framburðar hennar. Loks liggur fyrir að brotþoli greindi þáverandi vinkonu sinni, vitninu B, frá kynferðisbrotum ákærða, meðal annars á baðherberginu. Eins og áður greinir dró vitnið framburð sinn til baka fyrir Landsrétti. Við mat á því verður að líta til áðurgreindrar upptöku af samtali ákærða og brotþola þar sem fram kemur að ákærði hefur í hótunum um að „tortíma“ bæði brotþola og vinkonum hennar ef brotþoli dregur ekki framburð sinn í málinu til baka. Með hliðsjón af því þykir afturköllun vitnisins á fyrri framburði ekki trúverðug. Verður framburður vitnisins í héraði því talinn styðja framburð brotþola í málinu.
- 47 Að öllu því heildstætt virtu sem að framan er rakið þykir ákæruvaldinu hafa tekist að færa á það sönnur, gegn neitun ákærða, með trúverðugum framburði brotþola og því

sem honum er til stuðnings, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi gerst sekur um þátt háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru, þar með talið að hafa stungið getnaðarlim sínum inn í leggöng brotþola. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest sú niðurstaða að háttsemi ákærða sé réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

- 48 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um refsingu ákærða og einkaréttarkröfu brotþola.
- 49 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest.
- 50 Eftir úrslitum málsins verður ákærða gert að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Bartosz Milbrandt, greiði áfrýjunarkostnað málsins, 2.644.791 krónu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 1.900.000 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 636.120 krónur.

Sératkvæði

Eiríks Elíss Þorlákssonar

- 1 Ég er ósammála meirihluta dómenda um niðurstöðu málsins og tel að sýkna verði ákærða af þeim sakargiftum sem á hann eru bornar.
- 2 Ákærða er gefin að sök nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi með því að hafa 26. nóvember 2021 í baðherbergi á þáverandi heimili hans og brotþola, með nánar lýstu ofbeldi, stungið getnaðarlim sínum eða fingri í leggöng hennar. Í ákæru greinir að við aðfarir ákærða hafi brotþoli hlotið áverka á báðum framhandleggjum, vísifingri, lærum, hálsi og háls hrygg, úlnliðum og vinstri olnboga.
- 3 Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um þau atvik sem urðu á milli þeirra í baðherberginu á þeim tíma sem um ræðir. Ákærði hefur frá upphafi staðfastlega neitað sök. Framburður hans er rakinn í hinum áfrýjaða dómi og í atkvæði meirihluta dómenda. Ég er sammála því sem þar greinir um að ákveðið misræmi er í framburði hans fyrir héraðsdómi og hjá lögreglu.

- 4 Eins og kemur fram í atkvæði meirihlutans grundvallast sakargiftir á hendur ákærða á framburði brotaþola. Í atkvæði meirihluta dómenda er framburði hennar fyrir dómi og hjá lögreglu lýst og dregnar þær ályktanir að framburður hennar hafi verið stöðugur og trúverðugur. Fallast má á það að hluta en ýmis atriði í framburði brotaþola eru þó að mínu mati óljós og eftir atvikum í innbyrðis ósamræmi. Fyrir héraðsdómi bar hún þannig um að ákærði hefði sett getnaðarlim sinn og fingur í leggöng hennar á þeim tíma sem í ákæru greinir. Í fyrstu skýrslutökum hjá lögreglu 27. nóvember 2021 kvað hún ákærða hafa reynt að hafa samfarir við hana um leggöng en hætt þeim tilraunum þegar hún hefði farið að öskra og hót að hringja á lögregluna. Í skýrslutöku 16. desember 2021 kvað hún ákærða hafa tekist að setja lim sinn „smá“ inn í hana. Í síðustu lögregluskýrslu 10. maí 2023 bar brotaþoli um að ákærði hefði sett getnaðarlim sinn í leggöng hennar. Með hliðsjón af þessu hefur brotaþoli lýst háttsemi ákærða á nokkra vegu. Fyrir héraðsdómi var brotaþoli spurð af því af hverju hún hefði ekki minnst á það í skýrslutöku hjá lögreglu að ákærði hefði sett putta í leggöng hennar og svaraði hún að atvikið hefði gerst „mjög fljótt“ og síðar að hún hefði ekki viljað minnast á það. Hjá lögreglu 16. desember 2021 bar hún eigi að síður um að átök hennar við ákærða hefðu staðið í um 20 mínútur en sá tími sem ákærði hefði haft lim sinn í leggöngum hennar hafi verið í tvær til fjórar mínútur. Þá var framburður brotaþola fyrir dómi ekki í fullu samræmi um önnur atriði, svo sem hvað gerðist fyrir meint brot í baðherberginu og í kjölfar þess. Til framangreinds tel ég að líta verði þegar metið er sönnunargildi framburðar brotaþola í máli þessu.
- 5 Í öllu falli verður að gera þá kröfu eins og hér stendur á að framburður brotaþola um atvikið 26. nóvember 2021, eigi hann að vera lagður til grundvallar sakfellingu, fái næga stoð í framburði annarra eða öðrum sönnunargögnum. Mörg dæmi eru í réttarframkvæmd um sakfellingu á slíkum grundvelli. Sem endranær verður þá að fylgja áskilnaði þeirra sönnunarreglna sem koma fram í 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þar á meðal um að sönnunarbyrðin um sekt ákærða hvíli á ákæruvaldinu og að allan vafa beri að skýra ákærða í hag.
- 6 Í hinum áfrýjaða dómi var þeirri niðurstöðu lýst að framburður brotaþola fengi stoð í upptökum samtala sem brotaþoli gerði, skýrslu dóttur brotaþola í Barnahúsi, vottorði D sálfræðings sem og framburði hennar fyrir dómi, skriflegri skýrslu K hjúkrunarfræðings á neyðarmóttöku Landspítalans og vottorði C sérfræðilæknis á neyðarmóttöku og framburði hans fyrir dómi. Ég er samþykkuð því sem lýst er í atkvæði meirihluta dómenda að nefndar upptökur, framburður dóttur brotaþola og skýrsla sálfræðings hafi takmarkað sönnunargildi og að sakfelling ákærða verði ekki reist á þeim sönnunargögnum, ólíkt niðurstöðu héraðsdóms. Ég er hins vegar ósammála meiri hluta dómenda um sönnunarþýðingu annarra óbeinna sönnunargagna sem þar er lögð til grundvallar.
- 7 Brotaþoli leitaði á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítalans 27. nóvember 2021 í kjölfar þess að lögregla var kölluð að heimili

hennar og ákærða. Fyrir liggja í málinu móttökuskýrsla hjúkrunarfræðings og vottorð sérfræðilæknis Landspítalans. Af framangreindum sönnunargögnum verður ekki dregin önnur ályktun en að brotþoli hafi á Landspítalanum lýst annarri nauðgun ákærða daginn fyrir atvikið í baðherberginu 26. nóvember 2021 og tilraun til nauðgunar nóttina á eftir. Um þau tilvik gat brotþoli ekki um fyrir dómi og lýsti því raunar að önnur brot ákærða gagnvart henni hefðu átt sér stað talsvert fyrr. Þá verður ekki séð að rannsókn lögreglu hafi beinst að þessum brotum. Lýsingar brotþola á þessum þremur brotum fyrir framangreindu starfsfólki spítalans renna ótvírætt saman og ályktanir hjúkrunarfræðings og læknis af atvikum og afleiðingum taka augljóslega mið af því. Til að mynda verður framburður brotþola fyrir dómi og hjá lögreglu ekki skilinn á annan hátt en að áverkar á hálsi hafi verið ótengdir þeirri háttsemi sem ákærða er gefið að sök. Framburð læknisins fyrir dómi verður að skoða í þessu ljósi. Ekki var tekin skýrsla af hjúkrunarfræðingnum, hvorki fyrir dómi né hjá lögreglu. Við mat á sönnunargildi framangreindra sönnunargagna er enn fremur óhjákvæmilegt að líta til þess að þau byggja á endursögn brotþola. Ég get að öllu virtu ekki fallist á að þessi sönnunargögn geti með viðhlítandi hætti stutt við sakfellingu ákærða í málinu.

- 8 Hið sama á að mínu mati við um framburð B sem gaf skýrslu í héraði og fyrir Landsrétti. Hún bar um í héraði að brotþoli hefði greint henni frá tveimur skiptum þar sem ákærði hafi reynt að hafa samfarir við brotþola án hennar samþykkis. Annað skiptið hafi verið í sturtu baðherbergis ákærða og brotþola. Fyrir Landsrétt var lögð skjámynd af samskiptum brotþola við vitnið í skilaboðum sem bera með sér að vitnið telji brotþola hafa sakað „strák um nauðgun sem [hún] sjálf [skipulagði]“. Vitnið gaf skýrslu fyrir Landsrétti og bar um að í samskiptum þessum hefði hún átt við brotþola. Ég tel að framburður vitnisins geti í ljósi framangreinds ekki orkað til stuðnings sakargiftum á hendur ákærða.
- 9 Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem hann er ákærður fyrir. Líkt og áður greinir var að ákveðnu leyti misræmi í framburði hans er lýtur einkum að því hvort hann hafi verið í fötum eða ekki inni í baðherberginu umrætt sinn. Brotþoli hefur ítrekað borið um, bæði í skýrslutökum hjá lögreglu og fyrir dómi, að ákærði hafi beitt hana ofbeldi og reynt að hafa eða haft við hana samræði í að minnsta kosti fjögur skipti gegn hennar vilja. Í málinu er aðeins til úrlausnar það tilvik sem lýst er í ákæru og gerðist samkvæmt henni í baðherbergi 26. nóvember 2021. Framburður brotþola hefur að ákveðnu leyti verið í innbyrðis samræmi um atvikið í baðherberginu en talsvert óljós um ýmis atriði. Í hinum áfrýjaða dómi segir um framburð brotþola að við mat á honum verði að líta til þess að brotþoli hafi lýst margþátta ofbeldi gegn sér yfir langan tíma í skýrslutökum hjá lögreglu og svo virðist sem spurningar og svör hafi stundum verið „óskýr eða jafnvel ruglingsleg“ vegna þess. Þá gætu önnur vandkvæði hafa spilað inn í, svo sem tungumálaerfiðleikar. Þá segir í dómnum að sú lýsing brotþola í upphafi, og er þá vísað til fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu, að um tilraun hafi verið að ræða virðist eiga sér þá skýringar að hún hafi ekki áttað sig á að um fullframið brot væri að ræða ef ákærði hefði sett getnaðarlim

sinn „aðeins“ í leggöng hennar. Ég tel tæpast samrýmast sönnunarreglum sakamálaréttarfars að leiða með þessum hætti getum að ástæðum þess að framburður sé óskýr og eftir atvikum misræmi í honum. Að frátöldum framburði ákærða og brotþola er ekki í málinu beinum sönnunargögnum til að dreifa. Að öllu því virtu sem hér hefur verið rakið tel ég varhugavert að líta svo á að framburður brotþola fái þá stoð í framburði vitna eða sönnunargögnum að öðru leyti að hann dugi til þess, gegn eindreginni neitun ákærða, að ákærvaldið hafi axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvílir samkvæmt 108. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008.

- 10 Með hliðsjón af öllu framangreindu tel ég að sýkna beri ákærða af refsikröfu ákærvaldsins, vísa einkaréttarkröfu brotþola frá héraðsdómi og fella sakarkostnað á ríkissjóð á báðum dómstigum.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 2025

Mál þetta, sem dómtekið var 11. mars sl., er höfðað með ákæru, útgefni af héraðssaksóknara 14. nóvember 2024, á hendur „Bartosz Milbrant, kennitala [...], [...], Reykjavík, fyrir nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi, með því að hafa föstudagskvöldið 26. nóvember 2021, á þáverandi heimili ákærða og þáverandi sambýliskonu hans, A, kt. [...], að [...] í Reykjavík, með ofbeldi og ólögumatri nauðung og án samþykkis haft samræði eða önnur kynferðismök við A á sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt, en ákærði greip í hendur A og þrýsti henni með andlitinu upp að vegg, en ákærði stóð fyrir aftan hana og hélt henni fastri, tók fætur hennar í sundur og stakk getnaðarlim sínum eða fingri í leggöng hennar, en ákærði skeytti því engu þótt A streittist á móti og bæði hann ítrekað um að hætta, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut nokkra marbletti á báðum framhandleggjum, þar af einn um 6 sm að stærð á hægri framhandlegg og annan um 2,5 sm að þvermáli á vinstri, sár á vísifingri vinstri handar, marbletti og dreifð eymsli og bólgur á lærum, ásamt eymslum hægra megin í hálsi og í miðlínu háls hryggjar, í úlnliðum og í vinstri olnboga, en með framangreindri háttsemi sinni ógnaði ákærði á alvarlegan hátt heilsu og velferð A.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er lögð fram krafa um miskabætur og málskostnað úr hendi ákærða, til meðhöndlunar við meðferð opinbers máls á hendur honum. Brotþoli krefst þess að hinum ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 5.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. nóvember 2021, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Komi til fangelsisrefsingar krefst hann þess að hún verði öll skilorðsbundin. Hann krefst jafnframt aðallega frávísunar einkaréttarkröfu en til vara verulegrar lækkunar hennar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Hinn 27. nóvember 2021 kl. 15:52 barst lögreglu tilkynning um mögulegt heimilisofbeldi að [...] frá nágranna. Sagði hann mikil læti berast frá nágrönnum sínum, en hann heyrði öskur og læti, skelli og dynki. Lögreglumenn fóru á vettvang og hittu þar fyrir brotaþola, sem var sjáanlega í miklu uppnámi og grét. Hún sagði kærastann sinn, ákærða, vera farinn af staðnum. Á heimilinu var einnig [...] ára gömul dóttir hennar og móðir ákærða, sem var inni í einu svefnherberginu og talaði hvorki íslensku né ensku. Vinkona brotaþola, B, kom á vettvang og var brotaþola til halds og trausts. Erfitt reyndist að fá heildstæðan og greinargóðan framburð frá brotaþola um það sem hafði gerst sökum tungumálaörðugleika, en fram kom hjá henni að ákærði væri oft ofstopafullur og ógnandi við hana og dóttur hennar og hefði verið það allt frá því að samband þeirra hefði hafist ári fyrr. Þennan dag hefði hann orðið reiður vegna skilaboða sem hún hefði fengið frá vinkonu sinni um að hittast á kaffihúsi. Hann hefði bannað henni að fara og tekið utan um hana og hrist harkalega, auk þess sem hann hefði gert það sama við dóttur hennar. Dóttir brotaþola virtist skelkuð og sagði hún að ákærði hefði oft verið vondur við sig og móður sína. Þegar rætt var við móður ákærða með aðstoð túlks kvaðst hún hafa verið inni í herberginu sínu allan tímann og ekkert hafa séð. Þá kvaðst hún ekki ætla að ræða frekar við lögreglu vegna málsins.

Meðan tekin var skýrsla af brotaþola, með aðstoð túlks, kom ákærði á heimilið og var hann þá handtekinn. Í skýrslutökunni greindi brotaþoli frá líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi af hálfu ákærða. Hún kvaðst þennan dag hafa ætlað að fara út með dóttur sína að heimsækja vinkonu og versla. Ákærði hefði tekið því illa, bannað henni að fara út og heimtað að fá að sjá símann hennar. Hann hefði orðið reiður og ógnandi og hún þá flúið inn á baðherbergi og læst sig inni. Ákærði hefði pikkað upp lásinn með hnífi og komist inn á baðherbergið til hennar, gripið í hana, hrist hana kröftuglega og síðan rífið af henni símann. Dóttir hennar hefði komist í uppnám, öskrað og komið inn á baðherbergið og reynt að hjálpa henni með því að veitast að ákærða sem hefði þá farið út af baðherberginu og fram í stofu og skoðað símann hennar. Hann hefði krafist þess að hún yrði heima að þrifa og færi síðan með honum í líkamsrækt.

Brotaþoli lýsti því að sambandið við ákærða hefði verið mjög stormasamt og mikið gengið á. Þá hefði ákærði í fjórgang reynt að nauðga henni, síðast kvöldið áður. Hann hefði í þriggja, fyrir nokkrum misserum, reynt að nauðga henni þegar hún var búin að háttu og gera honum grein fyrir að hún vildi ekki hafa við hann samfarir. Hann hefði í öll skiptin snúið henni á bakið og haldið henni fastri á meðan hann reif hana úr öllum fötunum, síðan glennt út á henni fötleggina og loks reynt að setja getnaðarlim sinn inn í leggöng hennar. Hún hefði alltaf barist um og þannig náð að losa sig auk þess sem hún hefði hóttað því að hringja í lögregluna. Hún hefði oft farið inn í stofu til að sofa vegna þessa.

Kvöldið áður hefði brotaþoli farið í bað eftir ágreining við ákærða vegna kaupa á pitsu. Hann hefði svo komið inn á baðherbergið þar sem hún hefði verið að þurrka sér. Hún hefði sagt honum að hún vildi ekki kynlíf með honum en hann þá rífið af henni handklæðið, sem haldi líkama hennar, og reynt að þvinga hana til samræðis aftan frá. Ákærði hefði verið farinn úr fötunum. Hann hefði gripið um hana, snúið henni og þrýst upp að vegg og viljað taka hana aftan frá. Hún hefði farið að öskra og sagt honum að hún myndi hringja í lögregluna ef hann hætti ekki. Á endanum hefði hann hætt og farið út.

Brotaþoli gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 16. desember 2021. Hún sagðist hafa átt í sambandi við ákærða í rúmlega ár. Hinn 26. nóvember hefði komið upp ágreiningur milli þeirra vegna pitsukaupa. Hún hefði farið heim á undan ákærða og hann komið á eftir með pitsu sem hann hefði leyft dóttur hennar að fá en hún hefði ekki mátt fá. Hún hefði þá farið inn á baðherbergi í sturtu. Þegar hún hefði verið búin að baða sig hefði hún sett handklæði á höfuðið og þá hefði ákærði gengið inn á baðherbergið. Hann hefði viljað kynlíf með henni en hún sagt ítrekað að hún vildi það ekki vegna þess hvernig hann hefði hegðað sér. Ákærði hefði orðið illskeyttur og hún hefði þá vafið handklæðinu, sem hún hefði verið að þurrka sér með, utan um sig. Ákærði hefði afklæðst og sagt að hún ætti að hafa kynmök við hann þar sem hann vildi það núna og honum væri sama hvort hún vildi það eða ekki. Hún hefði sagt við hann að hann gæti farið í bað en hún væri búin og væri að fara út af baðherberginu. Þegar hún hefði ætlað fram hefði hann tekið í vinstri hönd hennar og reynt að toga hana inn í sturtuna en hún hefði gripið með þeirri hægri í glervegg til að halda sér frá honum. Þá hefði hann snúið henni þannig að hún hefði snúið baki í hann og andlitinu að veggnum. Hún hefði reynt að berjast gegn honum, sett hendur á vegginn, en hann hefði þrýst henni harkalega að veggnum með öllum líkamspunga sínum. Hann hefði haldið fast um hendur hennar með

annarri hendinni og svo farið að færa fótleggji hennar í sundur með hinni. Hún hefði sagt honum að sleppa sér en hann hefði ekki hlustað og haldið mjög fast í hana. Hún teldi að hann hefði „aðeins“ sett lim sinn í leggöng hennar. Hann hefði reyndar sagt henni að þetta hefði ekki verið limurinn heldur fingur. Hún hefði sagt honum að taka liminn út úr sér og sleppa sér og hefði barist um til að komast frá honum en hann hefði verið miklu sterkari. Hún hefði farið að öskra á hann að sleppa sér og hóttað því að hringja í lögregluna. Ákærði væri um 185 cm á hæð og rétt rúm 100 kg en hún sjálf væri mun minni og um 170 cm á hæð. Ákærði hefði þá að lokum tekið liminn út úr henni og ýtt henni frá sér. Þetta hefði staðið yfir í um 15–20 mínútur en ákærði hefði ekki verið með liminn í henni nema í um tvær mínútur og hann hefði bara komist hálf leið þar sem hún hefði barist á mótum honum. Hún hefði verið mjög reið meðan á þessu hefði staðið þar sem hann hefði ekki hlustað á hana. Hann hefði líka verið reiður við hana. Eftir þetta hefði hún farið út af baðherberginu en hann hefði áfram inni. Hann hefði síðan komið fram en þau hefði sitt á hvoru svæðinu í íbúðinni og ekki rætt saman. Dóttir hennar hefði verið heima en líklega verið með heyrnartól og ekki heyrt í þeim. Þá hefði móðir ákærða verið heima en hún hefði líklega ekki heldur heyrt til þeirra og vildi oftast ekki skipta sér af þeim. Hún kvaðst hafa sagt henni frá erfiðleikum í sambandinu. Brotaðoli greindi frá því að hún hefði farið á heimili ákærða eftir atvikið og tekið samtali þeirra upp á síma dóttur sinnar og þar hefði hann viðurkennt allt og beðið hana afsökunar.

Brotaðoli mætti á ný til lögreglu 10. maí 2023 og óskaði þá eftir nálgunarbanni á ákærða vegna áreitiss og hótana frá honum. Ræddar voru hljóðupptökurnar af samskiptum brotaðola og ákærða sem hún sagði hafa verið teknar upp þegar hún hefði farið á heimili hans að sækja dóttur. Hún hefði reynt að fá hann til að gangast við því sem hann hefði gert. Hann hefði í fyrstu neitað en á einhverri upptökunni hefði hann viðurkennt að hafa brotið á henni. Spurð um áverkavottorð læknis þar sem fram kemur að hún hafi greint frá því að ákærði hefði tekið hana hálstaki þannig að hún átti erfitt með andardrátt staðfesti hún að svo hefði verið. Þegar atvikið á baðherberginu var rætt kom fram að ákærði hefði snúið henni við og sett lim sinn í endaparm hennar en hann hefði sagt að það hefði verið fingur. Eftir framburð brotaðola fyrir dómi þar sem hún taldi að þarna hefði verið um misskilning að ræða var túlkun skýrslunnar yfirfarin. Kom þá fram að brotaðoli greindi ekki frá því að ákærði hefði farið inn í endaparm hennar heldur að hann hefði sett lim sinn í leggöng hennar aftan frá.

Hinn 28. september 2022 afhenti brotaðoli lögreglu hljóðupptökur úr síma, en hún kvaðst hafa tekið upp samskipti sín og ákærða skömmu eftir atvikið sem ákært er fyrir, án hans vitundar, og sagði að þar mætti heyra ákærða viðurkenna að hafa brotið gegn henni. Um var að ræða níu upptökur og voru þær sendar í þýðingu. Erfitt reyndist að greina hljóð á upptökunum en á tveimur þeirra mátti greina samtöl og voru þau þýdd og liggja endurrit þeirra fyrir í málinu.

Í móttökuskýrslu hjúkrunarfræðings á Neyðarmóttöku, dags. 27. nóvember 2021, kemur fram að brotaðoli hafi greint frá því að daginn áður hefði hún farið með ákærða í búð. Hún hefði neitað að kaupa pitsu þar sem það væri heitur matur á heimilinu en þá hefði ákærði farið að kalla hana illum nöfnum. Þau hefðu farið heim sitt í hvoru lagi og hún hefði farið í sturtu. Ákærði hefði síðan komið inn á baðherbergið og lokað dyrunum. Þar sem hún hefði staðið með handklæði utan um sig hefði hann reynt að hafa kynmök við hana. Hún hefði neitað þar sem hann hefði verið reiður og æstur og kallað hana ljótum nöfnum. Ákærði hefði sagt að hann yrði að hafa mök við hana þótt hún vildi það ekki. Hann hefði haldið áfram að toga í handklæðið hennar, tekið í framhandleggjum hennar og ýtt fótleggjum hennar í sundur. Hann hefði reynt að ýta lim sínum inn í hana en hætt þegar hún hefði hóttað að hringja í lögregluna. Hann hefði einnig reynt að hafa mök við hana í rúminu nóttina eftir og þá rifði fót hennar. Brotaðoli hafi einnig greint frá því að nokkrum dögum áður hefði ákærði reynt það sama. Hann krefjast þess að fá það þegar hann vilji og engu máli skipti þótt hún sé veik eða langi ekki til þess.

Brotaðoli hafi verið hrædd og augljóslega liðið illa. Hún hafi skolfið og nuddað fingrum sínum fast saman. Hún hafi gefið góða og skýra sögu en orðið svolítið æst og tárast þegar hún sagði frá því hvernig ákærði hefði beitt hana ofbeldi. Hún hafi reynt að halda aftur af tárunum en grátið sárt þegar hún hafi talað um dóttur sína og þá vanlíðan sem hún finni fyrir. Brotaðoli hafi skolfið áfram þegar bráðalæknir hafi gert áverkamat. Henni hafi augljóslega liðið illa og einungis svarað með fáum orðum og jafnvel frekar kinkað kolli spurð út í áverka. Hún hafi verið niðurlát og horft niður í bringu. Sjáanlegir áverkar hafi verið

á báðum framhandleggjum og lærum, framan- og innanvert. Brotapoli hafi tárast við skoðun og myndatöku af áverkunum.

Fram kemur í vottorðinu að haft hafi verið samband við lækni neyðarmóttöku sem hafi ekki talið þörf á að koma og skoða brotapolu. Gerandinn sé þekktur og brotapoli hafi farið í sturtu og skipt um föt eftir kynferðisbrotið. Þá væri eðlilegt að finna lífsýni af ákærða á brotapolu. Læknirinn hafi því talið betra að fá lækni af bráðamóttökunni til að gera heildrænt áverkamat.

Í vottorði C bráðalæknis, dags. 27. nóvember 2021, kemur fram að hann hafi verið kallaður á Neyðarmóttöku til að gera áverkamat á brotapolu. Brotapoli hafi greint frá ofbeldi af hálfu ákærða sem hafi staðið lengi. Daginn áður hefði ákærði þröngvað henni til kynferðislegs samræðis með valdi. Hann hefði tekið hana hálstaki þannig að hún hefði átt erfitt með andardrátt. Þá hefði hann haldið fast um handleggi hennar og úlnliði. Hún hefði reynt að sleppa frá honum en ekki tekist það. Hann hefði þvingað fótleggi hennar í sundur og þannig komið fram vilja sínum. Árásin hefði haldið áfram um einhvern tíma fram á nóttina þar sem ákærði hefði áfram reynt að hafa samræði við hana. Á einhverjum tímamarki hefði hann reynt að þröngva sér að henni aftan frá og reynt að hafa við hana endaþarmsmök, sem ekki hefði tekist, en hann muni hafa lagst ofan á hana þannig að hún hafi fengið slæma verki í bak. Um nánari lýsingu atvika er vísað í lýsingu hjúkrunarfræðings Neyðarmóttöku.

Brotapoli hafi lýst miklum verkjum í framhandleggjum, úlnliðum, vinstri olnboga, báðum lærum og hálsi. Hún hafi neitað áverkum eða eymslum í kringum kynfæri eða endaþarm og þau svæði hafi því ekki verið skoðuð. Eymsli hafi verið í miðlínu háls hryggjar og sömuleiðis „paravertebralt“ hægra megin. Hún hafi sagt frá því að hún hefði orðið fyrir vinnuslysi fyrir nokkru og ákærði hefði vitað af því. Hann hafi tekið hana kverkataki, bæði fyrst í árásinni og einnig þegar hann hefði reynt að þröngva sér að henni aftan frá, og gripið endurtekið í háls hennar svo einkenni hennar frá hálsi hafi versnað til muna. Á báðum framhandleggjum hafi mátt sjá marbletti, misstóra. Helst beri að nefna að á hægri framhandlegg „volart“ hafi verið marblettur um sex cm, daufur en töluvert bólginn og verkur þar. Á vinstri framhandlegg „dorsalt“ hafi verið mar, u.þ.b. 2,5 cm í þvermál, á efri þriðjungi framhandleggsins, rétt neðan við olnboga. Á vinstri olnboga hafi verið eymsli við hreyfingu en hreyfigeta hafi þó verið góð, en aðeins erfitt með „supination og pronation“ og hún hafi verið klínískt tögnað þar. Á vísifingri vinstri handar hafi verið lítið fleiður, u.þ.b. 1 cm á lengd, sem hún hafi sagt vegna þessarar árásar. Dreifð eymsli og bólgur hafi verið á báðum lærum, sérstaklega innanvert. Þá hafi hún verið með nokkra minni marbletti. Brotapoli hafi einnig kvartað yfir eymslum í baki og sagt ákærða hafa lagst ofan á sig en ekki hafi fundist marblettir eða aumur punktar þar þótt eymslin hafi greinilega verið til staðar. Ekki hafi verið að sjá áverka á andliti, brjóstakassa eða kvið. Brotapoli ætti að ná sér að fullu af líkamlegum áverkum. Með vottorðinu fylgdu myndir af áverkum brotapolu.

Í vottorði D sálfræðings, dags. 25. janúar 2022, kemur fram að brotapolu hafi verið vísað í sálfræðilegt mat og áfallahjálp hjá sálfræðiþjónustu Neyðarmóttöku. Sálfræðingurinn hafi hitt brotapolu einu sinni og rætt við hana, með aðstoð túlks, 10. desember 2021. Hún eigi næst bókaðan viðtalstíma 8. febrúar 2022 en hafi átt þrjá aðra bókaða viðtalstíma sem hún hafi ekki nýtt sér. Í viðtalinu hafi verið byrjað að meta afleiðingar meintra kynferðisbrota og fylgst með andlegu ástandi hennar, þ.m.t. einkennum áfallastreituröskunar. Brotapola hafi verið veitt áfallahjálp og sálrænn stuðningur. Í viðtalinu hafi brotapoli greint frá mikilli vanlíðan eftir meint kynferðisbrot og litlum lífsvilja þar sem hún hafi upplifað að ekkert væri gott í lífinu fyrir utan dóttur hennar. Brotapoli hafi verið trúverðug og samkvæm sjálfri sér í viðtalinu. Geðslag hennar hafi verið lækkað og tilfinningaleg ásýnd í samræmi við umræðuefnið. Hún hafi greint frá upplifun á ofsaotta, bjargarleysi og lífshættu meðan á meintum kynferðisbrotum hafi staðið. Hún hafi lýst því að hafa reynt að streitast á móti á meðan og upplifað að ákærði fengi eitthvað út úr því að hafa vald yfir henni.

Erfiðlega hafi gengið að meta áfallastreitueinkenni í tengslum við meint brot. Brotapoli hafi í mörgum tilfellum ekki virst skilja það sem spurt var um og svarað öðru en því sem spurt var um. Ekki sé ljóst hvort það útskýrist af því að hún hafi átt erfitt með að skilja eðli spurninganna eða hvort eitthvað hafi misfarist í túlkun spurninganna. Þó hafi náðst að meta einhver áfallastreitueinkenni og brotapoli hafi greint frá endurupplifunareinkennum, það er ágengum minningum um meint brot sem trufluðu hana oft á dag.

Hún hafi greint frá forðunareinkennum en hún hafi forðast að hugsa um atburðina, t.d. með því að dreifa huganum. Þar að auki hafi hún greint frá sterkum neikvæðum viðhorfum, t.d. „ég get ekki átt gott líf“, og sjálfsásakandi hugsunum, t.d. „þetta gerðist því ég hlustaði ekki á hann“, og „ég hefði átt að láta undan þegar hann bað mig um eitthvað“. Að lokum hafi hún greint frá ofurárveknieinkennum, t.d. einbeitingarerfiðleikum og svefntruflunum.

Framangreind einkenni hafi valdið brotaþola uppnámi og truflun í daglegu lífi. Hún hafi greint frá því að fyrstu dagana eftir meint brot hafi hugsanir um það valdið henni gríðarlegri vanlíðan og hún einungis sofið tvær til þrjár klukkustundir á nóttu, sem hafi gert það að verkum að hún hafi verið mjög þreytt á daginn. Hún hafi að auki þurft að flýja heimili sitt sama dag og hún leitaði á Neyðarmóttökuna og hafi greint frá því að hún og dóttir hennar hefðu dvalið hjá vinkonu síðan þá. Brotaþoli hafi greint frá áfallastreitueinkennum í tengslum við meint kynferðisbrot en ekki hafi verið gerð formleg greining þar sem ekki hafi verið liðinn mánuður frá því að meint brot áttu sér stað.

Ekki hafi gefist tími til að ræða fyrri geðsögu brotaþola, en hún hafi þó greint frá því að [...] hennar hafi beitt hana ofbeldi þegar þau voru í sambandi. Ekki hafi gefist tími til að meta afleiðingar fyrri áfalla með tilliti til mismunagreiningar.

Auk greiningarviðtals hafi staðlaðir sjálfsmatskvarðar verið notaðir til þess að meta einkenni áfallastreituröskunar, depurðar, kvíða og streitu. Ekki sé ljóst hvort mat brotaþola á eigin einkennum endurspegli raunverulega einkennamynd hennar þar sem erfiðlega hafi gengið fyrir sálfræðinginn að meta einkenni hennar í samtali. Ekki sé ljóst hvort það hafi verið vegna þess að brotaþoli skildi illa spurningarnar um einkenni sín eða hvort eitthvað hafi misfarist í túlkun.

Skýrsla var tekin af dóttur brotaþola í Barnahúsi 26. október 2022, en hún var þá [...] ára gömul, vegna gruns um að hún hefði orðið fyrir ofbeldi. Hún greindi þar frá því að samband móður hennar og ákærða hefði verið stormasamt og þau hefðu nokkrum sinnum „togast“ á. Hún hefði heyrt þetta en ekki séð. Þá kvaðst hún einu sinni hafi heyrt hróp frá baðherberginu en verið of hrædd til að banka eða reyna að gera eitthvað. Hún hefði heyrt „eitthvað“ en ekki þorað annað en að fara inn í herbergið sitt og síðan orðið vör við að þau hefðu farið út af baðherberginu. Þá lýsti hún atvikinu þegar lögreglan kom á heimilið 27. nóvember 2021.

Tekin var skýrsla af ákærða 27. nóvember 2021 þar sem honum var tilkynnt að hann væri grunaður um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi gagnvart brotaþola. Hann lýsti atvikinu daginn áður þannig að þau brotaþoli hefðu farið að sækja pitsu. Þau hefðu keypt pitsur til skiptis og nú hefði röðin verið komin að brotaþola. Hún hefði hins vegar ekki viljað greiða fyrir pitsuna og farið heim. Brotaþoli hefði farið í bað og hann hefði farið inn til hennar og viljað baða sig með henni. Hún hefði ekki sagt neitt og hann hefði skilið að hún væri reið. Hann hefði farið að snerta hana og viljað taka utan um hana til að sættast við hana. Hún hefði þá ætlað úr sturtunni en þar sem hún hefði ekki sagt neitt hefði hann gripið í hana og spurt hana hvort hún vildi elskast til að sættast. Hún hefði sagt honum að láta sig í friði. Þá hefðu orðið einhverjar „ýtingar svona í gríni“, hann hefði sleppt henni og skilið að hún væri pirruð. Hann hefði haldið henni aftan frá í fimm til tíu sekúndur og hún hefði reynt að rífa sig frá. Hún hefði sagt að hún vildi ekki kynlíf og hann hefði skilið það og ekki gert neitt meira. Hann liti ekki á þetta sem kynferðislegt ofbeldi. Hann hefði „haldið henni eitthvað svona aðeins“ en hún hefði ekki viljað sættast. Eftir sturtuna hefði hann farið að sofa og brotaþoli sofið í stofunni en síðan komið í rúmið til hans um morguninn. Þau hefðu samt ekki talað saman um morguninn en hann heyrt að hún hefði viljað fara eitthvað út úr húsi. Hann hefði heyrt hana segja við dóttur sína að þær væru að fara eitthvað. Hann hefði þá spurt hana hvert hún ætlaði en hún hefði logið því að hún væri að fara til vinkonu sinnar sem ætti börn og hann treysti. Hann hefði viljað staðfesta það og tekið símann hennar, sem hefði verið inni á baðherbergi. Hann hefði gripið símann og brotaþoli hefði þá gripið í hann. Mæðgurnar hefðu farið að „banka“ í hann og beita hann líkamlegu ofbeldi. Hann hefði hins vegar ekki beitt neinu ofbeldi, bara tekið símann til að athuga málið. Hann hefði séð þar að brotaþoli hefði verið að ljúga að sér.

Ákærði gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 11. maí 2023. Hann lýsti þá atvikinu á baðherberginu þannig að brotaþoli hefði verið í sturtu en hann hefði viljað biðjast afsökunar, faðma hana og kyssa. Brotaþoli hefði hins vegar orðið ofbeldisfull. Hann hefði reynt að faðma hana en hún reynt að losa sig og þá hefði

hann haldið aðeins í hana og sagt henni að fyrirgefa sér, en hún hefði sagt honum að hypja sig burt. Hann hefði haldið henni í kannski fimm sekúndur til að reyna að róa hana niður en hún hefði viljað að hann léti sig í friði svo hann hefði gert það. Hún hefði öskrað, verið með mótþróa og hreyft handleggina til að losa sig frá honum. Hún hefði ekki viljað að hann kyssti hana eða faðmaði og viljað sýna honum að hún væri enn þá reið. Meðan á þessu hefði staðið hefði brotapolí verið í sturtunni en hann rétt utan við sturtuna fullklæddur. Hann hefði því ekki getað „sett í hana“ þegar hann var fullklæddur. Þegar hann hefði tekið utan um hana hefði hún verið að koma úr sturtunni. Hann hefði séð að þau næðu ekki að sættast og því farið út af baðherberginu. Í skýrslutökunni var borið undir ákærða að brotapolí hefði tekið upp samtál þeirra í milli um atvikið. Ákærði neitaði að hlusta á upptökurnar þar sem hann teldi um ólöglegar upptökur að ræða. Efníð var borið undir hann og neitaði hann að tjá sig um það að öðru leyti en því að hann neitaði að hafa sett fingur í leggöng brotápola.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kvað þau brotápola hafa verið að rifast vegna kaupa á pitsu og hann hefði viljað finna leið til að sættast við hana eftir það svo kvöldið færi ekki í leiðindi. Hann hefði ákveðið að borga pitsuna þótt hann væri þess fullviss að búið hefði verið að ákveða að hún gerði það. Hann hefði farið inn á baðherbergi til hennar. Dyrnar hefðu verið lokaðar en ekki læstar og hún hefði verið í sturtu þegar hann hefði komið inn. Hún hefði ekkert sagt við því að hann kæmi inn en hún hefði þó verið mjög pirruð út í hann og herská. Algengt væri að þau væru á baðherberginu á sama tíma. Hann hefði langað til að knúsa hana og reynt það þegar hún hefði farið úr sturtunni, en hún hefði öskrað og hrint honum frá sér. Hann hefði reynt að biðja hana afsökunar á rifrildinu og sagt að hann myndi borga pitsuna. Hann hefði sleppt henni þegar hún hefði farið að öskra mjög hátt. Þetta hefði tekið mjög stutta stund, líklega um eina sekúndu. Ákærði kvaðst telja að brotapolí hefði verið búin að vefja um sig handklæði þegar þarna var komið sögu og hann hefði sjálfur verið farinn úr fötunum og búinn að vefja handklæði um sig til að fara í sturtu á eftir henni. Verið gæti þó að hann hefði haldið á handklæðinu. Borið var undir ákærða að hann hefði sagt hjá lögreglu að hann hefði verið alklæddur þegar hann hefði reynt að knúsa brotápola inni á baði og sagði ákærði þá að hann væri ekki alveg viss um hvort hann hefði verið farinn úr. Brotapolí hefði greinilega ekki viljað sættast, ýtt höndum hans frá sér og sagt honum að fara. Hún hefði síðan farið að greiða sér við spegilinn en hann hefði farið í sturtu. Á meðan hann hefði tekið utan um hana hefðu þau snúið hvort að öðru og hún hefði aldrei snúið baki í hann. Ákærði neitaði því að hafa tekið í hendur hennar eða ýtt henni upp að vegg. Hann hefði ekki viðhaft neina þá háttsemi sem lýst væri í ákæru. Ekkert í þessa veru hefði gerst milli þeirra án samþykkis hennar. Þá kannaðist hann ekki við að brotapolí hefði meitt sig eða hótað að hringja í lögreglu. Eftir atvikið á baðinu hefði hann verið ósattur við hana og ekki viljað tala við hana eftir framkomu hennar í hans garð. Þau hefðu því ekki sæst og líklega ekki talað meira saman það kvöld.

Spurður um áverka á brotápola kvaðst ákærði telja líklegustu skýringuna þá að þeir hefðu orðið til daginn eftir við atvikið sem hefði leitt til þess að lögregla var kölluð til, en hann hefði sjálfur ekki séð neina áverka á henni. Þann dag hefði hann komist að því að brotapolí hefði logið að honum. Hann hefði séð um morguninn að hún væri að búa sig undir að fara eitthvað, en hún hefði átt tvær vinkonur sem hún hefði heimsótt. Hann þekkti þær báðar en honum hefði líkað betur við aðra þeirra, B, og vitað að brotapolí væri örugg með henni. Honum hefði hins vegar ekki líkað að hún heimsækti hina þar sem sú væri óabyrg og biði upp á áfengi. Það væri ekki gott að fara með barn til hennar. Ákærði taldi ekki að um væri að ræða stjórnun af hans hálfu, hann hefði einfaldlega haft skoðun á þessari einu vinkonu.

Brotapolí hefði sagt honum ósatt þar sem hún hefði sagst ætla til B en í raun ætlað að hitta hina. Hann hefði ætlað að fá þetta staðfest með því að skoða samskipti hennar á Messenger í síma hennar. Hún hefði skilið símann sinn eftir á baðherberginu þegar hún hefði verið að taka sig til og hann hefði tekið hann. Brotapolí hefði tekið eftir því og farið að hlaupa á eftir honum. Hann hefði verið að ganga út af baðherberginu með símann og hún hefði verið árársargjörn, ýtt í hann og togað í hönd hans til að ná símanum. Hún hefði sagt að hann væri að beita sig ofbeldi og hefði öskrað á hann að hún ætlaði að hringja í lögregluna. Hann hefði reynt að halda símanum hátt uppi og ganga með hann út af baðherberginu. Hann hefði ekki lagt hendur á brotápola, enda hefði hann haldið símanum uppi með báðum höndum. Einu

líkamlegu átökin hefðu verið þau að brotaþoli hefði gripið í úlnliði hans og barið hann í handleggina. Mögulega hefði hún rekist í þegar þau hefðu farið í gegnum dymnar. Þegar hann hefði komist út af baðherberginu hefði móðir hans staðið þar og séð að brotaþoli var ofbeldisfull og reyndi að taka símann af honum. Hann hefði skilað símanum um leið og hann hefði fengið grun sinn um samskipti við vinkonuna staðfestan. Hann hefði sagt brotaþola með hækkudum rómi að hann væri ósáttur við að hún væri að ljúga að honum og spurt hvert hún væri að fara. Hann hefði svo tekið saman æfingaföt og farið í ræktina. Spurður nánar um hvernig brotaþoli hefði átt að fá áverka við þessi samskipti sagði hann að þau hefðu verið að klípa í hvort annað, þannig að hún hefði verið að taka í úlnliði hans og hann hefði verið að reyna að koma sér undan henni. Hún væri sterk kona og hefði verið að reyna að kippa símanum úr höndum hans. Hann hefði reynt að rykkja sér undan og hefði ekki snert hendur hennar.

Ákærði kvað samband þeirra brotaþola hafa byrjað í ágúst eða september 2020 og þau hefðu byrjað að búa saman um viku eða tveimur eftir að þau kynntust. Brotaþoli hefði ekki verið að hugsa vel um sjálfa sig, átt mörg óleyst mál og hefði ekki talað íslensku eða ensku þegar þau hefðu kynnst. Hún ætti ekki ættingja hér á landi, fyrir utan dóttur sína, en hún hefði átt tvær vinkonur. Þau hefðu reynt að hafa sambandið gott en það hefði ekki alltaf gengið. Þau hefðu almennt verið sammála um kynlíf og bæði átt frumkvæði að því. Ef annað hefði ekki verið reiðubúið til þess hefðu þau einfaldlega frestað því til betri dags. Mögulega hefði komið til óánægju vegna þess en það hefði aldrei átt sér stað kynlíf án samþykkis beggja. Brotaþoli hefði ekki alltaf verið í góðu skapi og ekki alltaf nennt að sinna heimilisstörfum. Þau hefðu hætt saman þrisvar sinnum á sambandstímabilinu. Eftir komu lögreglu 27. nóvember 2021 hefðu þau hætt saman í viku. Einu sinni hefðu þau hætt saman í þrjár vikur og einu sinni í ár. Rifriði þeirra hefðu almennt tengst heimilisverkum og þau hefðu náð að sættast aftur. Í upphafi sambandsins hefðu þau búið í íbúð hennar í [...] en svo flutt í íbúð hans að [...] í janúar 2021. Síðan hefðu þau búið saman í [...] í íbúð sem brotaþoli hefði leigt frá september 2022. Tveimur mánuðum eftir það hefði hann leigt íbúð sína út og flutt til hennar. Brotaþoli hefði ákveðið að hann flytti til hennar og hún hefði ákveðið hvaða leigjendur hann ætti að velja að íbúð sinni. Þau hefðu verið ósátt áður en þetta gerðist í einn eða tvo mánuði en náð að sættast. Meðan þau hefðu búið að [...] hefði hann aðstoðað hana við bílakaup með því að lána henni helming fjárens sem hún hefði þurft. Hann hefði verið með lykla að íbúðinni í [...] allan tímann en lykillinn hans hefði horfið daginn áður en hann hefði gefið skýrslu hjá lögreglu í maí 2023. Hann hefði orðið mjög hissa þar sem ekki hefði komið til neins rifriðis á milli þeirra. Þau hefðu m.a. farið á húðflúrstofu þar sem brotaþoli hefði fengið sér húðflúr, og þau hefðu skoðað Gullfoss saman eftir þetta. Síðan hefði verið sett á nálgunarbann í eitt ár, en að árinu liðnu hefðu þau farið að senda hvort öðru skilaboð og svo farið að hittast aftur. Þau hefðu farið í skoðunarferð um landið og m.a. gist á heimili [...] á Akureyri. Þau hefðu einnig ferðast saman til útlanda árið 2022. Þau hefðu endanlega slitið sambandinu 1. nóvember 2024.

Ákærði sagði lögreglu hafa greint frá því við skýrslutöku að brotaþoli hefði tekið upp samtöl þeirra án hans vitundar. Hann kannaðist við að brotaþoli hefði komið á heimili hans í þeirri viku sem hún hefði flutt út eftir atvikið 27. nóvember 2021 til að sækja dót sem hana vantaði. Upptökurnar sem um ræðir voru spilaðar fyrir ákærða. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt að um hann eða brotaþola væri að ræða á upptökunum. Þá kannaðist hann ekki við samtölin. Þegar borin var undir hann upptaka þar sem kvenmannsrödd segist vera að sækja dót sagði ákærði að karlmaðurinn á upptökunni gæti verið hann en hann gæti þó ekki fullyrt það. Hann vissi ekki um neinn annan sem kæmi til greina sem brotaþoli gæti verið að ræða við. Spurður hvort brotaþoli hefði átt í ágreiningi við einhvern annan á þessum tíma kvaðst hann ekki þekkja til þess. Hann myndi ekki til þess að hafa átt neitt samtál við brotaþola um atvikið á baðherberginu. Hann myndi þó eftir að hafa beðið hana afsökunar í þeim tilgangi að þau næðu að sættast. Hann hefði viljað kynlíf með henni til að sættast en hún hefði ekki viljað það svona fljótt og sagt honum að róa sig.

Brotaþoli kvaðst hafa verið í sturtu inni á baðherbergi er ákærði hefði gengið inn og farið að afklæðast. Dymnar hefðu verið lokaðar en ólæstar. Hún hefði spurt ákærða af hverju hann hefði komið inn en hún myndi ekki svar hans. Hann hefði ætlað sér að fara í sturtu með henni og hafa við hana samfarir, en hún hefði ekki viljað það. Hún hefði reynt að komast undan honum og sagt honum að hún vildi það

ekki og beðið hann að fara en ákærði hefði ekki viljað sættast á það. Hann hefði farið að þrýsta á hana og reynt að snerta hana. Hann hefði snúið henni við þannig að hún hefði verið með andlitið uppi við vegg og reynt að setja fingur og getnaðarlim sinn í leggöng hennar. Honum hefði tekist þetta en hún hefði allan tímann verið að reyna að losna frá honum og biðja hann að hætta. Hún hefði reynt að snúa sér að honum en hann snúið henni frá sér, þannig að hún sneri baki í hann, og gripið fastar í hendur hennar. Hann hefði svo notað aðra hönd sína til að halda höndum hennar en notað hina til að hafa við hana samfarir. Hann hefði verið sterkari en hún og þrýst henni upp að veggnum meðan hún hefði reynt að halda sér í sturtuna. Hún hefði reynt að verjast honum en hann hefði fært fótleggi hennar í sundur og notað til þess fætur sína og líklega höndina líka. Hann hefði fyrst sett fingur og síðan getnaðarliminn inn í leggöng hennar. Hún hefði fundið fyrir þessu og væri alveg viss um að honum hefði tekist þetta en vissi ekki í hve langan tíma. Hún hefði ekki verið samþykkt þessu og sagt honum að láta sig vera og sleppa sér. Að lokum hefði hún öskrað eftir hjálp og ákærði hefði hætt þegar hann hefði séð að þetta gengi ekki. Ákærði hefði orðið pirraður því hann hefði viljað klára þetta en ekki getað þar sem hún hefði verið að reyna að losa sig. Hann hefði að lokum klætt sig og farið út af baðherberginu. Hún hefði beðið þar til hann hefði verið farinn fram og þá læst að sér. Þegar hún hefði komið út af baðherberginu hefði ákærði enn verið pirraður. Þau hefðu ekki sæst þetta kvöld enda hefði hún verið verulega ósátt við að hann hefði ekki hætt þótt hún hefði ítrekað beðið hann um það. Spurð hvort þau hefðu verið ósátt fyrir atvikið kvaðst hún ekki muna það. Hún kvaðst telja að dóttir hennar og líklega tengdamóðir hefðu verið heima á þessum tíma. Dóttir hennar hefði heyrt hana kalla eftir hjálp en ekki þorað að fara inn á baðherbergið.

Brotapoli var spurð um misræmi í lýsingu hennar á atvikinu á baðherberginu fyrir dómi og hjá lögreglu að því er varðaði hvað ákærði hefði sett í leggöng hennar. Hún kvað þetta hafa gerst hratt og hún hefði verið að reyna að koma sér undan. Hún hefði einungis rætt um getnaðarlim hjá lögreglunni en ákærði hefði sagt henni að það væri ekki slæmt að setja inn fingur svo hún hefði ekki minnst á það þótt það hefði gerst. Ákærði hefði sagt henni að hann hefði einungis sett inn fingurinn en hún hefði einnig fundið fyrir getnaðarlim hans. Þá taldi hún annað misræmi sem kæmi fram í lögregluskýrslu stafa af misskilningi, eins og greint var frá að framan í lýsingu málsatvika. Þá staðfesti brotapolí það sem fram kemur í skýrslu Neyðarmóttöku um að ákærði hefði reynt að hafa kynmök við hana nóttina eftir atvikið en það hefði ekki tekist.

Daginn eftir atvikið á baðinu, 27. nóvember, hefðu þau ákærði rifist. Þau hefðu tekist á um símann hennar en hann hefði ekki viljað að hún væri í samskiptum við aðra. Hún hefði verið að senda skilaboð en hann hefði ekki viljað það og hefði því tekið símann hennar. Þau hefðu rifist en ekki hefði komið til líkamlegra átaka. Hugsanlega hefði hann gripið í hana en það hefði ekki verið meira en það.

Brotapoli kvaðst ekki muna hvort hún hefði meitt sig við atvikið á baðherberginu eða hvort séð hefði á henni eftir það en þegar hún hefði farið í skoðun á sjúkrahúsi daginn eftir hefði hún verið með marbletti út um allt. Hún hefði farið í viðtal hjá sálfræðingi og einnig sagt vinkonu sinni, B, frá atvikinu. Hún hefði dvalið á heimili vinkonunnar í um tvær vikur eftir þetta og sagt ákærða að þau væru hætt saman. Ákærði hefði síðan beðið hana afsökunar og beðið hana að koma aftur og svo hefði farið að hún hefði farið aftur heim til ákærða.

Brotapoli kvaðst hafa kynnst ákærða seinni hluta árs 2020 og hann hefði flutt inn til hennar einum eða tveimur mánuðum síðar. Þau hefðu í upphafi rifist dálítið en það hefði aukist eftir að þau hefðu flutt í íbúð hans að [...] snemma árs 2021. Brotapoli kvað stundum hafa komið til rifrildis milli þeirra ákærða vegna þess að þau hefðu verið ósammála um hvenær eða hversu oft þau hefðu samfarir. Þetta hefði stundum endað með því að hún hefði sofíð í stofunni. Hann hefði stundum sagt henni að hún fengi ekki að sofa í rúminu ef hún neitaði og jafnvel ýtt henni úr rúminu. Stundum hefði hún látið undan honum bara til að fá frið. Hann hefði verið stjórnsamur og ekki viljað leyfa henni að hitta hvern sem var. Hann hefði ekki viljað að hún hitti B og sagt að hún ætti ekki að hlusta á hana. Hún myndi komast að því síðar hvaða mann hún hefði að geyma. Hins vegar ætti hún að hlusta á ákærða þar sem hann vildi henni allt hið besta. Einu sinni þegar hún hefði farið í kaffi til B hefði hann spurt hana hvernig hann gæti vitað að það yrðu ekki karlmenn þar. Hún hefði reynt að róa hann með því að segja honum að B byggi með mannum sínum og hann ætti að treysta sér. Brotapoli hefði stundum sagt ákærða að hún myndi hætta með honum ef hann

breyttist ekki og stundum hefði hún farið til vinkonu eða jafnvel til Póllands til að komast frá honum. Árið 2022 hefði hún flutt að [...] eftir dvöl í Póllandi en hún hefði ekki viljað fara til ákærða. Einhvern veginn hefði sambandið samt komist á aftur. Ákærði hefði lofað að breytast og sagt henni að hann hefði áttað sig á hegðun sinni. Hann hefði ávallt lofað öllu fögru og sagt að hann myndi breytast og hún hefði alltaf vonað að svo myndi verða og farið aftur til hans. Hann hefði jafnvel lofað því að taka lyf sem hjálpuðu með reiðina. Hún hefði rætt þetta við móður ákærða sem hefði kannast við að ákærði yrði auðveldlega reiður og þyrfti lyf vegna þess. Eftir að hún flutti í [...] hefðu þau ákærði farið að hittast á ný og svo hefði farið að ákærði hefði flutt inn og fengið lykla að íbúðinni. Vorið 2023 hefði sambandið aftur verið tekið að súrna og svo hefði farið að hún hefði farið fram á nálgunarbann. Hún hefði sagt lögreglu að ákærði byggji ekki þar enda hefði hann þá verið fluttur út. Eftir að nálgunarbannið hefði runnið sitt skeið hefði ákærði haft samband við hana aftur og þau farið að hittast enn á ný. Hún hefði engu að síður haft áhyggjur og þau hefðu þá ekki farið að búa saman aftur. Sambandinu hefði svo lokið endanlega fyrir nokkru.

Brotapoli greindi frá því að hún hefði tekið upp samtöl milli þeirra ákærða eftir atvikið á baðherberginu, en hún myndi ekki nákvæmlega hvenær upptökurnar hefðu átt sér stað. Hún hefði viljað ræða málin og fá ákærða til að viðurkenna að hann hefði gert eitthvað gegn hennar vilja. Hún hefði tekið upp á síma dóttur sinnar sem hún hefði verið með í úlpuvasanum. Hún kvað ákærða eiga að þekkja rödd sína á upptökunum. Hann hefði þar beðið hana að draga kærana til baka og biðjast afsökunar. Hún hefði viljað að hann skildi hvað hann hefði gert rangt og lærði af því. Fram kæmi hjá honum að hann vildi gera við hana samning um að hún hefði mök við hann þegar honum hentaði. Síðan hefði hann viljað hafa mök við hana en hún hefði ekki haft áhuga á því. Á upptökunum hefði hún verið að ræða við hann um atvik milli þeirra sem átt hefðu sér stað í svefnherberginu þegar hann hefði reynt að hafa við hana samfarir án samþykkis hennar og einnig atvikið á baðherberginu.

Vitnið F kvaðst hafa kynnst ákærða í gegnum auglýsingu þegar hann og eiginkona hans hefðu verið að leita sér að íbúð til leigu. Þau hefðu mælt sér mót við hann og hitt hann ásamt kærustunni hans í íbúðinni í nóvember 2022. Hann hefði leigt íbúðina í eitt ár og á þeim tíma einu sinni, líklega um vorið, aðstoðað ákærða við ljós í íbúðinni sem hann hefði búið í að [...], en hann væri menntaður iðnaðarmaður. Hann hefði farið tvisvar sinnum í íbúðina og hitt ákærða þar einan í bæði skiptin. Hann hefði einungis hitt kærustuna þegar hann hefði komið til að leigja íbúðina. Þau ákærði hefðu virst vera þar og það hefði litið út fyrir að ákvarðanir um leiguna hefðu verið meira á hennar herðum. Hann hefði ekki átt önnur samskipti við ákærða eða brotþola.

Vitnið G, móðir ákærða, greindi frá því að hún hefði búið á heimili sonar síns frá því að hann hefði flutt að [...] og brotþoli hefði verið í sambúð með syni hennar. Samband ákærða og brotþola hefði verið gott og hún hefði ekki orðið vör við rífrildi á milli þeirra. Ákærði hefði aðstoðað dóttur brotþola við heimanám og þau hefðu virst vera góð fjölskylda. Hlé hefði þó stundum orðið á sambandi ákærða og brotþola og brotþoli þá búið annars staðar. Sonur hennar væri skapgóður og rólegur, jafnvel stundum fullrólegur. Hún kannaðist ekki við samtal við brotþola um að ákærði reiddist auðveldlega. Vitnið kvaðst hafa verið á heimilinu þegar lögreglan kom 27. nóvember 2021. Hún hefði verið inni í svefnherbergi sínu þegar hún hefði heyrt skvaldur og ákveðið að líta fram. Hún hefði þá séð ákærða inni í eldhúsi haldandi á síma brotþola en brotþoli og dóttir hennar hefðu verið að reyna að ná símanum með því að slá í handleggji hans. Hún hefði ekki séð ákærða yta í brotþola eða slá en þau hefðu verið ósátt og brotþoli kallað til lögreglu. Atvikið hefði staðið yfir í nokkrar mínútur. Þegar lögreglan hefði komið hefði hún farið inn í herbergi með hundinn. Eftir þetta atvik hefði brotþoli farið til vinkonu sinnar í u.þ.b. viku en svo komið aftur á heimilið. Kvöldið áður hefði vitnið einnig verið heima. Hún hefði eldað mat en eftir það verið í herberginu sínu og hefði einungis farið út til að ganga með hundinn, sem hún gerði almennt upp úr kl. 20. Hún hefði ekki orðið vör við neitt óvenjulegt á milli ákærða og brotþola og minnstist þess ekki að þau hefðu farið inn á baðherbergi. Hún hefði einnig verið heima daginn áður og minnstist þess ekki að neitt hefði komið upp eða verið óvenjulegt í fasi brotþola. Vitnið kvaðst hafa dvalið á heimili brotþola að [...] með ákærða í nokkra daga á meðan brotþoli hefði verið í Póllandi, með hennar samþykki. Hún hefði verið

á landinu í byrjun árs 2023 og þá hefði brotaþoli annaðhvort ekið henni á flugvöllinn eða sótt hana. Síðasta sameiginlega heimili ákærða og brotaþola hefði verið að [...]. Sl. sumar hefði brotaþoli komið með þeim mæðginum í ferðalag út á land en nú væri sambandinu endanlega lokið.

Vitnið B, vinkona brotaþola, kvaðst hafa kynnst henni skömmu eftir að hún flutti til landsins. Brotaþoli hefði kynnt hana og ákærða en þau hefðu ekki kynnst vel, enda hefði brotaþoli nánast hætt samskiptum við hana eftir að hún kynntist ákærða. Vitnið hefði af og til reynt að koma samskiptum við hana á aftur en brotaþoli hefði ýmist ekki svarað henni eða bara stuttlega. Í upphafi hefði brotaþoli lýst sambandinu við ákærða sem fullkomnu en að einhverjum tíma liðnum hefði hún farið að greina frá því hve illa henni liði í sambandinu. Hún hefði sagt að sambandið gengi ekki vel og í eitt skipti, árið 2020 eða 2021, hefði hún sagt að ákærði væri að reyna að hafa samfarir við hana gegn hennar vilja. Brotaþoli hefði lýst tveimur atvikum, á rúminu í svefnherbergi þeirra og á baðherberginu. Síðara tilvikinu hefði hún sagt frá daginn sem lögreglan hefði komið á heimilið í nóvember 2021. Hún hefði lýst því að hafa verið í sturtu og ákærði reynt að hafa við hana samfarir. Hann hefði snúið baki hennar að sér og reynt að setja liminn inn í leggöng hennar. Brotaþola hefði liðið illa og grátið þegar hún hefði sagt frá þessu. Hún hefði síðar sagt að hún hefði rætt þetta við ákærða en hann þá sagt að um fingur hefði verið að ræða.

Vitnið kvaðst hafa komið á heimilið 27. nóvember 2021 þegar lögregla hefði verið kölluð til. Brotaþoli hefði beðið hana að koma eftir að hafa rifist við ákærða. Þegar vitnið hefði mætt hefði lögreglan verið komin. Hún hefði boðið brotaþola að dvelja hjá sér eftir atvikið. Brotaþoli hefði fyrst farið í skoðun á spítala en vitnið hefði farið með dóttur hennar heim til sín. Brotaþoli hefði síðan komið og dvalið hjá henni í viku en þá hefði hún sæst við ákærða. Meðan brotaþoli hefði búið hjá henni hefði hún farið heim til ákærða að sækja dót. Hún hefði sagt vitninu frá því þegar hún hefði snúið til baka að hafa tekið upp samskiptin við ákærða. Vitnið hefði fengið að heyra upptökuna en hún hefði verið ansi óskýr og vitnið var ekki alveg viss um hvað hefði verið sagt.

Brotaþoli hefði sagt henni að ákærði bannaði henni að vera í samskiptum við vitnið. Vitnið taldi að það sama hefði gilt um aðra vinkonu sem brotaþoli hefði átt. Hún hefði sjálf ekki heyrt hann segja þetta en hún hefði einu sinni orðið vitni að því að hann hefði verið ósáttur við að brotaþoli væri hjá henni. Hann hefði virst stressaður og annaðhvort fundist hún hafa verið of lengi eða ekki trúað því hvar hún væri. Hann hefði komið og verið fyrir utan húsið þegar brotaþoli hefði verið að fara og öskrað á hana. Það væri eina skiptið sem hún hefði orðið vitni að rifrildi milli þeirra. Einu orðaskilin sem hún hefði heyrt voru að hann hefði krafist þess að brotaþoli afhenti honum símann sinn. Brotaþoli hefði oft ákveðið að hætta með honum en svo hefðu þau tekið saman aftur. Hún hefði nokkrum sinnum leitað sér að húsnaði á meðan á sambandinu hefði staðið. Ástæða sambandsslitanna hefði verið hegðun ákærða og stjórnsemi. Brotaþoli hefði átt erfitt með að slíta sambandinu, m.a. vegna þess að ákærði hefði hjálpað henni mikið og hún átt honum margt að þakka. Hún ætti ekki neina fjölskyldu hér á landi og þekkti ekki marga.

Vitnið taldi að ákærði hefði búið hjá brotaþola að [...] þótt ætlun hennar hefði upphaflega verið að búa þar ein. Hún hefði síðan beðið hann að flytja út en hann hefði ekki viljað það. Brotaþoli hefði þá tekið lykla hans að íbúðinni til að losna við hann þar sem hún hefði ekki viljað vera með honum lengur. Skömmu eftir það hefði verið lagt á nálgunarbann en þau hefðu tekið saman aftur eftir það. Þau hefðu svo endanlega slitið sambandinu eftir sumarið 2024. Hún hefði síðast hitt brotaþola eftir skýrslu hennar fyrir dómnum. Líðan brotaþola þessa dagana væri misgóð og hún glímdi við vandamál í tilfinningalífínu.

Vitnið C sérfræðilæknir staðfesti vottorð sitt vegna skoðunar á brotaþola. Hún hefði lýst verkjum í framhandleggjum, úlnliðum, vinstri olnboga, lærum og hálsi. Við skoðun hefðu verið eymsli í háls hrygg bæði í miðlinu og hliðlægt við hryggsúlu. Hún hefði verið með misstóra marbletti á framhandleggjum, meira á hægri framhandlegg, en þar hefði verið stór marblettur, um sex cm í þvermál. Á vinstri framhandlegg hefði verið minna mar, um 2,5 cm í þvermál, rétt neðan við olnboga. Eymsli hefðu verið við þreifingu á olnboga vinstra megin, en ágætis hreyfigeta. Hún hefði átt erfitt með að snúa hendinni upp og niður og verið metin tögnuð þar. Þá hefði hún verið með fleiðursár á visifingri vinstri handar og dreifð eymsli og bólgur í báðum lærum, sérstaklega innanvert. Þá hefði hún verið með nokkra minni marbletti

þar og kvartað yfir eymslum í baki. Hún hefði fengið sjúkdómsgreiningarnar tognun og ofreynsla á háls hrygg, margir yfirborðsáverkar á úlnlið og hendi, margir áverkar á mjöðm og læri, mar á læri, tognun og ofreynsla á úlnlið, tognun og ofreynsla á olnboga, tognun og ofreynsla á lendahrygg, opið sár á fingri og kynferðisleg líkamsárás þar sem aflsmunar er neytt.

Læknirinn kvaðst ekki muna sérstaklega eftir hugarástandi brotaþola enda væri langt frá skoðuninni. Góð lýsing væri á ástandi hennar í nótu hjúkrunarfræðings en þar greindi að brotaþoli hefði verið miður sín og grátið og „ekki gefið góðan kontakt“. Frásögn brotaþola hefði farið saman við skoðunina. Hún hefði lýst því að henni hefði verið haldið. Hún hefði ekki verið með áverka eða eymsli í andliti, en búast mætti við því ef andlitinu væri þrýst upp við vegg. Kynfæri brotaþola hefðu ekki verið skoðuð þar sem hún hefði sagt að hún væri ekki með eymsli eða áverka þar og vakthafandi læknir á neyðarmóttöku hefði metið það svo að það væri ekki til neins að skoða þau svæði. Þá hefði gerandinn verið þekktur.

Spurður hvort áverkarnir hefðu getað orsakast af því að brotaþoli hefði rekist utan í dyrakarm kvað læknirinn ólíklegt að hún hefði hlotið alla áverkana vegna þess. Spurður um áverka á hálsi sagði hann að ekki hefði verið um mar að ræða en brotaþoli hefði verið tognuð á hálsi. Hún hefði lýst hálstaki en ekki hefðu verið skráðir áverkar framanvert sem styddu fullyrðingar um það. Þó væri ekki víst að slíkt gæfi sjáanlega áverka. Þegar lækninum voru sýndar myndir sem teknar voru við skoðunina staðfesti hann að far hefði verið sjáanlegt á brotaþola sem liti út eins og lítið mar með klórfari. Þetta liti ekki út eins og áverkar eftir hefðbundið kyrkingartak en virtist eins og brotaþoli hefði verið í einhverjum átökum. Þetta hefði útlit klórfars og gæti t.d. hafa myndast við að gripið hefði verið um háls hennar. Áverkar á brotaþola væru ekki miklir miðað við átökin sem hún hefði lýst, en það færi eftir eðli átakanna og tímalengd hve mikið sæist eftir slíkt. Skoðunin hefði ekki farið fram í beinu framhaldi af átökunum og því væri mögulegt að roði og væg eymsli hefðu horfið.

Vitnið D sálfræðingur kvaðst hafa hitt brotaþola einu sinni skömmu eftir atvikið. Hún hefði átt sex önnur viðtöl bókuð en ekki mætt. Í einhverjum tilvikum hefði verið um veikindi að ræða og ferð til útlanda. Brotaþoli hefði greint frá því, með aðstoð túlks, að sér hefði liðið illa, átt erfitt með svefn og jafnvel haft lítinn lífsvilja eftir það sem komið hefði fyrir. Komið hefði fram að brotaþoli hefði haft neikvæðar hugsanir og um mikla forðun væri að ræða. Hún hefði lýst broti gegn sér og hamlandi áfallastreitueinkennum í kjölfarið. Hún hefði skorað yfir meðallagi á sjálfsmatskvarða. Niðurstöður sjálfsmatskvarða hefðu ekki samsvarað frásögnum brotaþola þar sem sálfræðingurinn hefði ekki náð að fá nógu skýr dæmi í viðtalinu. Brotaþoli hefði verið trúverðug og frásögn hennar samræmst gögnum frá neyðarmóttöku. Alltaf væri reynt að aðgreina slík einkenni frá öðrum atvikum. Vitnið hefði haft upplýsingar um sjúkrasögu brotaþola en ekki náð að greina hvort eitthvað af vanlíðan hennar tengdist öðrum atvikum. Það væri þó ljóst að brotaþoli hefði greint frá mikilli vanlíðan sem tengdist sérstaklega því sem um ræði hér. Hún hefði greint frá áfallastreitueinkennum en erfitt hefði verið að henda reiður á svör hennar þar sem stundum hefði virst sem hún skildi ekki spurningarnar. Hugsanlega hefði verið um vandamál í túlkun að ræða. Það hefði því stundum þurft að spyrja sömu spurninganna oft eða á mismunandi máta til að vera fullviss um að spurningin hefði skilist. Vegna þessa og þar sem brotaþoli hefði einungis mætt einu sinni hefði vitnið ekki náð að meta brotaþola eins vel og hún hefði viljað. Erfitt væri að segja fyrir um meðferðarþörf brotaþola af þessum sökum. Brotaþoli hefði lýst forðunareinkennum og það gæti verið hluti ástæðu þess að hún hefði ekki komið aftur í tíma. Hún hefði lýst því að vera hrædd við ákærða og hafa dvalið hjá vinkonu eftir atvikið. Forðunareinkenni gætu þó birst með ýmsum hætti og miðað við reynslu sálfræðingsins af ofbeldissamböndum kæmi ekki á óvart að brotaþoli hefði verið að hitta ákærða á þessum tíma. Algengt væri að meðferð væri illa sinnt í ofbeldissamböndum.

Lögreglumaður nr. H greindi frá hljóðupptökum í málinu sem borist hefðu frá brotaþola. Hann hefði afritað hljóðupptökurnar úr síma. Reynt hefði verið að finna tímasetningar þeirra en búið hefði verið að senda upptökurnar í gegnum Messenger og upprunalegu upptökurnar hefðu ekki legið fyrir. Lýsigögn

hefðu því ekki fylgt þeim. Lögreglan hefði það fyrir vinnureglu að taka niður eins miklar upplýsingar um uppruna og hægt væri en það hefði farist fyrir í þetta sinn.

Lögreglumáður nr. I kvaðst hafa verið á bakvakt og hafa verið kallaður út af þeim sem hefðu mætt á vettvang vegna gruns um að dóttir brotaþola hefði orðið fyrir ofbeldi. Atvik hefðu verið óljós og hann hefði ákveðið að kalla til túlk og taka formlega skýrslu af brotaþola á staðnum. Hún hefði verið þarna ásamt vinkonu sinni og dóttur en ákærði hefði síðan komið. Brotaþoli hefði verið í uppnámi en vel viðræðuhæf. Hún hefði lýst samskiptum við ákærða sem hefðu endað með rifrildi og látum. Svo hefði hún greint frá því að ákærði hefði beitt hana ítrekuðum kynferðisbrotum, m.a. kvöldið áður. Vitnið myndi ekki hvort hún hefði talað um tilraunir eða fullframin brot. Brotaþoli hefði gefið skýran framburð og verið býsna trúverðug. Ákærði hefði verið handtekinn þegar hann kom á staðinn en vitnið hefði ekki rætt við hann. Vitnið hefði reynt að ræða við dóttur brotaþola en hún hefði verið í uppnámi og ekki í standi til að tjá sig. Móðir ákærða, sem hefði verið á staðnum, hefði gefið í skyn að hún hefði ekki orðið vitni að neinu, sagst hafa verið inni í herbergi og ekki viljað tjá sig. Vinkona brotaþola hefði boðið henni að koma til sín tímabundið, sem brotaþoli hefði þegið, en fyrst hefði hún farið á Neyðarmóttöku. Hjúkrunarfræðingur hefði hringt í vitnið frá Neyðarmóttöku og greint frá því að brotaþoli hefði annaðhvort veitt frekari upplýsingar um kynferðisofbeldi eða að það hefði verið grófara, en hann myndi ekki nákvæmlega hvað hefði komið fram. Hann hefði strax látið fulltrúa í kynferðisbrotadeild vita. Hann hefði ekki haft aðra aðkomu að málinu, nema að leggja áhættumatslista fyrir brotaþola með aðstoð túlks.

Lögreglumáður nr. J greindi frá vinnu sinni við málið og kvaðst m.a. hafa tekið skýrslur af brotaþola. Brotaþola og ákærða hefði greint á um hvort þau byggju saman eða ekki. Hún hefði neitað því en hann hefði sagt að hann ætti muni þar, m.a. húsgögn. Vitnið hefði sjálf farið á heimili brotaþola henni að óvörum en ekki séð nein merki þess að ákærði byggi þar. Brotaþoli hefði viljað frið fyrir ákærða en hann ekki veitt henni hann og m.a. hringt án afláts meðan hún hefði verið í skýrslutöku hjá lögreglu. Hún hefði greint frá því að þau væru hætt saman og hún vildi ekki samband lengur. Stutt hefði verið í grátinn hjá henni og hún hefði öll nötrað. Ákærði hefði stöðugt hringt í brotaþola meðan á skýrslutökunni hefði staðið og vitnið hefði boðið henni að velja hvort hún slökkti á símanum eða ekki. Ákærði hefði fallist á að fara „Selfossleiðina“ en hann hefði ekki talið sig hafa brotið skilyrði hennar þegar hann hefði haft samband við brotaþola þar sem hún hefði ekki svarað. Samskiptin við hann hefðu annars gengið vel en hann hefði ekki skilið af hverju verið væri að skipta sér af honum. Fram hefði komið hjá brotaþola að samband þeirra ákærða hefði verið stormasamt frá upphafi og hann hefði viljað hafa hlutina eftir sínu höfði, hann hefði einangrað hana og bannað henni að heimsækja vinkonur sínar. Þá hefði hún alltaf átt að vera tilbúin fyrir hann þegar honum hefði hentað. Honum hefði fundist sem hann ætti eitthvað inni hjá henni vegna alls sem hann hefði gert fyrir hana. Vitnið kvað reynslu af heimilisofbeldi sýna að það tæki brotaþola að meðaltali sjö skipti að koma sér burt. Þá ættu brotaþolar stundum í erfiðleikum með að viðurkenna samskiptin. Brotaþoli í þessu máli hefði virst eiga í erfiðleikum með að slíta sambandinu við ákærða og hefði verið hrædd við afleiðingar þess. Erfitt hefði verið að átta sig á hvenær sambandinu lauk í raun.

Brotaþoli hefði sagt frá því í desember 2021 að hún ætti hljóðupptökur af samræðum við ákærða en ekki afhent þær fyrr en nokkru síðar. Hún hefði tekið upp á farsíma en upptökurnar hefðu ekki lengur verið þar, en hefðu verið sendar með Messenger, þannig að ekki hefði verið hægt að rekja hvenær þær hefðu verið gerðar. Af málsgögnum virtist sem brotaþoli hefði sent upptökurnar 28. nóvember 2021 þar sem hún hefði sjálf skrifað tímabilið 27.–29. nóvember sem tímamál til að leita upptökunnar, en hún hefði það sem vinnureglu að skrá einn dag fyrir og einn dag eftir. Ávallt væri reynt að nálgast frumrit slíkra gagna en væri það ekki hægt væri reynt að komast eins nálægt því og hægt væri. Upptökurnar hefðu á endanum verið teknar úr síma dóttur brotaþola.

Niðurstaða

Ákærða er í máli þessu gefin að sök nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi með því að hafa með ofbeldi og ólögumætri nauðung og án samþykkis haft samræði eða önnur kynferðismök við brotaþola,

þáverandi sambýliskonu sína, á sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt. Er ákærða gefið að sök að hafa gripið í hendur brotþola og þrýst henni með andlitið upp að vegg, en hann hafi staðið fyrir aftan hana og haldið henni fastri, tekið fætur hennar í sundur og stungið getnaðarlim sínum eða fingri í leggöng hennar, en hann hafi í engu skeytt því þótt hún streitist á móti og bæði hann ítrekað að hætta.

Af hálfu ákærða var á það bent að ákæran í málinu væri í raun valkvæð þar sem ákært væri með þeim hætti að hann ætti að hafa sett annaðhvort finger eða getnaðarlim sinn í leggöng brotþola. Ákæran sé því ekki nægjanlega skýr þannig að varðað geti frávísun. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála skal í ákæru greina svo glögg sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er vegna, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga. Í dómaframkvæmd hafa fyrrmæli þessa lagaákvæðis verið skýrð svo að verknaðarlýsing í ákæru verði að vera það greinargóð og skýr að ákærði geti ráðið af henni hvaða refsiverða háttsemi honum er gefin að sök og við hvaða lagaákvæði hann er talinn hafa gerst brotlegur. Að mati dómsins er verknaðarlýsing ákærunnar greinargóð og skýr í merkingu framangreinds lagaákvæðis og hallar ekki á varnir ákærða vegna þess.

Ákærði neitar sök og krefst aðallega sýknu. Hann kveðst hafa tekið utan um brotþola og haldið henni stutta stund í þeim tilgangi að sættast við hana eftir rifrildi en neitar því alfarið að um kynferðisofbeldi hafi verið að ræða. Brotþoli lýsir því hins vegar að ákærði hafi umrætt sinn haldið sér fastri með andlitið að vegg og sett finger og getnaðarlim í leggöng hennar.

Ákærði og brotþoli áttu í sambandi um nokkurra ára skeið. Þau kynntust haustið 2020 og hófu fljótlega sambúð. Hinn 27. nóvember 2021, rúmlega ári síðar, hringdi nágranni þeirra á lögreglu vegna gruns um að ofbeldi ætti sér stað á heimilinu. Er lögregla kom á staðinn greindi brotþoli frá andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi ákærða í sinn garð sem átt hefði sér stað um nokkurt skeið. Þennan dag hefði komið upp ágreiningur milli ákærða og brotþola er hann tók símann hennar og hún reyndi að ná honum til baka. Þá greindi brotþoli frá atviki daginn áður sem er umfjöllunarefni málsins.

Þann dag, 26. nóvember 2021, kom upp ágreiningur milli ákærða og brotþola sem leiddi til þess að þau komu heim sitt í hvoru lagi. Ákærða og brotþola ber saman um að hún hafi farið í sturtu og lokað að sér, en ekki læst. Ákærði hafi síðan farið inn á baðherbergið á eftir henni. Brotþoli kvaðst hafa verið í sturtu er ákærði hefði gengið inn og tekið að afklæðast og ætlað að fara með henni í sturtu. Hann hefði viljað hafa við hana samfarir en hún neitað honum. Hann hefði þá tekið í handlegg hennar, snúið henni þannig að bak hennar hefði snúið að honum og andlit hennar að veggnum og haldið henni fastri. Hún hefði allan tímann reynt að losna frá honum og beðið hann að hætta. Hann hefði hins vegar náð að færa fótleggi hennar í sundur og setja finger sinn og getnaðarlim í leggöng hennar. Ákærði hefði hætt þegar hún hefði öskrað eftir hjálp og sagt að hún ætlaði að hringja í lögregluna. Ákærði lýsti því hins vegar að hann hefði reynt að biðja brotþola afsökunar vegna rifrildis þeirra með því að faðma hana en hún hefði öskrað og hrint honum frá sér. Þetta hefði einungis tekið um eina sekúndu. Brotþoli hefði greinilega ekki viljað sættast og hún hefði farið að greiða hár sitt en hann farið inn í sturtuna.

Eftir komu lögreglu á heimilið fór brotþoli á neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota. Í skýrslu hjúkrunarfræðings kemur fram að hún hafi verið hrædd, skolfið og tárast. Sú frásögn sem greint er frá í gögnum frá neyðarmóttöku er í samræmi við frásögn brotþola hjá lögreglu og fyrir dómi. Við skoðun læknis greindust ýmsir áverkar, m.a. nokkrir marblettir á báðum framhandleggjum, þar af einn um sex cm að stærð á hægri framhandlegg og annar um 2,5 cm að þvermáli á vinstri framhandlegg, sár á vísifingri vinstri handar, marblettir og dreifð eymsli og bólgur á lærum, ásamt eymslum hægra megin í hálsi og í miðlínu háls hryggjar, í úlnliðum og í vinstri olnboga. Myndir af áverkunum liggja fyrir í málinu. Læknirinn sem skoðaði brotþola staðfesti vottorð sitt og skoðun á brotþola fyrir dóminum. Kvað hann áverkana samræmast sögu brotþola.

Til átaka kom milli ákærða og brotþola 27. nóvember 2021 áður en brotþoli fór á neyðarmóttöku. Ákærða og brotþola ber saman um að ekki hafi komið til mikilla líkamlegra átaka þá. Ákærði lýsti því að hann hefði tekið síma brotþola og haldið honum yfir höfði sínu meðan hann hefði gengið út af baðherberginu en hún hefði ýtt í hann, togað og slegið á meðan til að reyna að ná símanum. Hann hefði ekki lagt hendur á brotþola. Hann taldi þó mögulegt að hún hefði rekið sig í á meðan þau hefðu gengið

um dyrnar. Lýsing brotaþola er á svipuðum nótum, en hún taldi ekki hafa komið til líkamlegra átaka, í mesta lagi hefði ákærði gripið í hana. Frásögn móður ákærða og dóttur brotaþola af atvikinu er á svipaða vegu. Þá taldi framangreindur læknir sem skoðaði brotaþola útilokað að hún hefði fengið þessa áverka eftir að rekast utan í dyrakarm. Samkvæmt framangreindu er ekkert sem bendir til að brotaþoli hefði getað fengið alla þá áverka sem greinir í vottorði læknisins við átökin 27. nóvember.

Meðal málgagna er vottorð sálfræðings, sem staðfest var fyrir dómnum, vegna komu brotaþola í kjölfar atviksins. Sálfræðingurinn kvað brotaþola einungis hafa mætt einu sinni en hún hefði lýst skýrum áfallastreitueinkennum sem rekja mætti til atburðarins. Ekki hefði þó náðst að greina hvort fleiri hlutir gætu haft þar áhrif eða hver meðferðarþörf hennar væri.

Ákærði gaf tvisvar sinnum skýrslu hjá lögreglu vegna málsins. Í fyrri skýrslu sinni 27. nóvember 2021 kvaðst hann hafa gripið í brotaþola og spurt hana hvort hún vildi elskast í þeim tilgangi að þau myndu sættast eftir rifrildi. Hún hefði neitað og það hefði komið til ýtinga á milli þeirra sem hann taldi hafa verið í gríni. Hann lýsti því að hann hefði haldið henni aftan frá í fimm til tíu sekúndur á meðan hún hefði reynt að rífa sig frá. Við skýrslugjöf 11. maí 2023 kvaðst hann hafa verið fullklæddur er atvikið hefði átt sér stað. Hann hefði reynt að faðma brotaþola og hún reynt að losa sig. Hann hefði haldið henni í um fimm sekúndur til að reyna að róa hana en hún hefði öskrað á hann og barist um til að losna.

Ákærði hefur verið staðfastur í neitun sinni á því að nokkuð kynferðislegt hafi átt sér stað umrætt sinn. Hins vegar er nokkurt ósamræmi í framburði hans að öðru leyti. Fyrir dómnum kvað ákærði faðmrag sitt einungis hafa varað í um eina sekúndu og taldi að brotaþoli hefði aldrei snúið í hann baki. Þá taldi hann að hann hefði verið nakinn eða með handklæði utan um sig og þegar borinn var undir hann framburður hjá lögreglu um að hafa verið fullklæddur kvaðst hann ekki viss hvernig þetta hefði verið.

Fyrir dómnum liggja hljóðupptökur af samskiptum á pólsku sem hafa verið rituð og þýdd. Brotaþoli afhenti lögreglu þessar upptökur í september 2022 en greindi frá tilvist þeirra í desember árið á undan, en ekki liggur fyrir nákvæmlega hvenær þessi samtöl voru tekin upp. Gögn málsins benda þó til þess að það hafi verið skömmu eftir atvik málsins. Brotaþoli kveður þetta vera samtöl milli sín og ákærða og hefur gefið þær skýringar á upptökunum að hún hafi viljað fá hann til að gangast við því á hljóðupptöku að hann hefði brotið gegn henni. Hún hafi verið með síma dóttur sinnar í vasanum og tekið upp samskipti þeirra. Óumdeilt er að ákærða var ekki kunnugt um að verið var að taka samtölin upp. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála leggur dómari mat á sönnunargildi þeirra gagna sem lögð eru fyrir dómnum, en gögn verða ekki sjálfkrafa útilokuð þótt þeirra kunni að hafa verið aflað án þess að fylgt hafi verið ákvæðum laga um öflun sönnunargagna í sakamálum.

Upptökurnar voru spilaðar og bornar undir bæði ákærða og brotaþola við aðalmeðferð málsins að viðstöddum túlki sem fór yfir þýðinguna. Upptökurnar eru nokkuð óskýrar og heyrast ekki öll samskiptin, en það sem hægt var að greina hefur verið þýtt. Ákærði neitaði því að þekkja sjálfan sig eða brotaþola á upptökunum, en gat þó ekki fullyrt að karlmaðurinn á upptökunum væri ekki hann. Hann neitaði því að kannast við efni upptakanna en vissi þó ekki um neinn annan sem brotaþoli gæti verið að ræða við um þetta málefni. Hann kannaðist þó við að brotaþoli hefði komið til hans að sækja dót og þau hefðu rætt saman.

Á upptökunum kemur m.a. fram að karlmaðurinn á þeim segir brotaþola að fara til lögreglunnar og draga kærna til baka. Hún segir hann hafa haldið sér og hann gengst við því en segir að hún hefði ekki átt að segja frá því. Hann segir hana eiga að biðjast afsökunar, lofa því að njóta ásta með honum og gera um það samning. Karlmaðurinn játar að hann viti að það hafi verið sárt þegar hann hélt brotaþola en kveðst hafa verið að athuga hvort hún myndi halda áfram að streitast á móti. Á síðari upptökunni er að finna eftirfarandi samtalsbút þar sem M er karlmaðurinn á upptökunni og K er brotaþoli:

„M: En ég setti hann ekki inn með valdi, setti ég hann inn ?

K: Svo snerir þú mér við og já (...) var það ekki með valdi ?

M: En hvað puttann ? (...) en ég setti ekki typpið inn, þetta var putti.

K: En af hverju gerðirðu það með valdi ?

M: (...)

K: Ég myndi finna það ef þetta væri putti.

M: Það var í alvöru putti, ég setti bara puttann inn.

K: (...) Þú snerir mér með valdi svona að aftan, var mig að dreyma ?

M: Þú veist, ég vildi sýna þér hver ræður hér.

K: Hver ræður hér, þú mátt ekki sýna með þessum hætti hver ræður hér.

M: Ég veit en bara.

K: Þegar ég segi nei, þá þýðir það nei.

M: Þá sleppti ég þér er það ekki ? (...) ég setti puttann í þig.“

Þegar efni framangreindra upptaka er skoðað er ljóst að um er að ræða samtal á milli brotþola og ákærða og að þau eru þar að ræða um framangreint atvik. Brotþoli vísar m.a. til þess að atvikið hafi átt sér stað á föstudegi, en fyrir liggur að 26. nóvember 2021 var föstudagur. Þegar upptökurnar voru bornar undir ákærða við aðalmeðferð málsins skýrði hann það sem þar heyrðist og kannaðist við að hafa beðið brotþola afsökunar og falast eftir kynlífi við hana þegar hún hefði komið að sækja dót til hans.

Framburður brotþola um brot ákærða gegn sér hefur verið staðfastur og frásögn hennar í meginatriðum samhljóða. Við mat á framburði hennar verður að líta til þess að hún lýsti margþátta ofbeldi gegn sér yfir langan tíma í skýrslutökum hjá lögreglu og svo virðist sem spurningar og svör hafi stundum orðið óskýr eða jafnvel ruglingsleg vegna þess. Þá gætu önnur vandkvæði spilað inn í, svo sem tungumálaörðugleikar.

Hinn 27. nóvember 2021 greindi brotþoli frá því að ákærði hefði reynt að nauðga henni daginn áður. Hann hefði gripið um hana, snúið henni og þrýst upp að vegg og viljað taka hana aftan frá. Hann hefði á endanum hætt þegar hún hefði farið að öskra og segjast ætla að hringja í lögregluna. Við skýrslutöku hjá lögreglu 16. desember 2021 lýsti hún atvikum þannig að ákærði hefði snúið henni þannig að hún hefði snúið baki í hann og andlitinu að veggnum og hann hefði þrýst henni upp að veggnum og haldið henni fastri. Hann hefði fært fótleggi hennar í sundur og „aðeins“ sett lim sinn í leggöng hennar en að lokum hætt eftir mótspyrnu hennar og öskur. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 10. maí 2023 staðfesti brotþoli þá lýsingu sína að ákærði hefði staðið aftan við hana og sett lim sinn inn í leggöng hennar.

Sú lýsing brotþola í upphafi að um tilraun hafi verið að ræða virðist eiga sér þær skýringar að hún hafi ekki áttað sig á að um fullframið brot væri að ræða ef ákærði hefði sett getnaðarlim sinn „aðeins“ í leggöng hennar. Verður ekki talið að þetta dragi úr trúverðugleika framburðar hennar. Brotþoli sagði í fyrsta sinn frá því fyrir dómnum að ákærði hefði sett bæði fingur og getnaðarlim sinn í leggöng hennar, en áður hafði hún einungis lýst því að um lim hans hefði verið að ræða en jafnframt sagt að hann hefði sagt við hana að hann hefði einungis notað fingur. Brotþoli skýrði þetta þannig að ákærði hefði sjálfur sagt henni að hann hefði einungis notað fingur og því teldist þetta ekki vera nauðgun. Hún hefði því ekki áttað sig á þýðingu þess að greina sérstaklega frá því fyrr. Þá virðist sem misskilningur við skýrslugjöf hafi valdið því að ritað hafi verið í skýrslu brotþola frá 10. maí 2023 að hún hafi greint frá endaparmsmökum umrætt sinni.

Lýsing brotþola á atvikinu á baðherberginu hefur verið stöðug alla tímanna og hefur hún ávallt borið um að ákærði hafi sett getnaðarlim sinn inn í leggöng hennar. Framburður hennar fær nokkra stoð í framburði ákærða sjálfs, sérstaklega þegar horft er til framburðar hans hjá lögreglu þar sem hann greindi frá því að hafa haldið brotþola aftan frá er hún hefði verið að reyna að losna og til ýtinga hefði komið á milli þeirra. Þá hefur hann staðfest að hún hafi neitað því að hafa við hann samfarir og sagt honum að fara. Framburður hennar fær einnig stoð í vottorði læknis og neyðarmóttöku og framangreindum upptökum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Þá er til þess að líta að dóttir brotþola greindi frá því er hún gaf skýrslu í Barnahúsi að hún hefði einhver tímanna heyrt öskur frá baðherberginu en ekki þorað að athuga hvað væri að gerast. Ekkert kom þó fram um tímasetningu þess atviks. Vottorð sálfræðings bendir einnig til þess að atvikið á baðherberginu hafi haft áhrif á líðan brotþola, þótt vissulega hafi einnig komið fram að það þurfi að greina það enn betur.

Framburður ákærða hefur hins vegar ekki verið stöðugur, eins og rakið er hér að framan. Upphafleg frásögn hans samræmist frásögn brotþola að nokkru leyti, en hann virðist síðan hafa dregið úr því sem gerðist. Þá er ekki að finna í frásögn hans skýringu á því hvernig brotþoli getur hafa hlotið alla þá áverka sem á henni var að finna.

Ákærði hefur lagt mikla áherslu á að þrátt fyrir að brotþoli hafi flutt út af heimili þeirra 27. nóvember 2021 hafi hún komið aftur nokkrum dögum síðar og þau hafi síðan átt í sambandi, með hléum, allt til 1. nóvember 2024. Brotþoli hafi hins vegar ekki greint rétt frá þeim samskiptum. Brotþoli hefur lýst því að ákærði hafi beitt hana miklu ofbeldi í sambandi þeirra. Þá sé bakland hennar hér á landi afar lítið, hún tali hvorki íslensku né ensku og stundi ekki atvinnu. Hún hafi gert ítrekaðar tilraunir til að losna frá ákærða en ekki tekist það endanlega fyrr en árið 2024. Það er vel þekkt að þolendur í ofbeldissamböndum eiga oft í erfiðleikum með að slíta sambandinu og þurfa til þess margar tilraunir. Verður ekki talið að sambandssaga ákærða og brotþola dragi með neinum hætti úr trúverðuleika framburðar brotþola.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það niðurstaða dómsins að leggja beri trúverðuga frásögn brotþola, sem fær stuðning í málsgögnum og framburði vitna, til grundvallar niðurstöðu í málinu. Er þannig sannað að ákærði hafi með ofbeldi og ólögumatri nauðung og án samþykkis haft samræði við brotþola með því að stinga getnaðarlim sínum í leggöng hennar eins og hún hefur borið um.

Ákærði hefur með háttsemi sinni gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða eru í ákæru einnig talin varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. b í lögnum. Samkvæmt því ákvæði skal hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, sæta fangelsi allt að sex árum. Ef brot er stórfellt getur það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

Óumdeilt er að tengsl ákærða og brotþola voru með þeim hætti að heyrir undir framangreint ákvæði. Þótt ákvæðinu hafi fyrst og fremst verið ætlað að ná yfir háttsemi sem staðið hefur yfir í lengri eða skemmri tíma verður því jafnframt beitt um eitt atvik ef það nær tilteknu alvarleikastigi. Í athugasemdum við frumvarp til laganna kemur fram að gert sé ráð fyrir því að ákvæðinu verði að jafnaði beitt einu og sér en ekki samhliða öðrum refsíákvæðum hegningarlaga, svo sem 1. mgr. 217. gr., 218. gr., 225. gr., eða 233. gr. Ekki sé er hins vegar útilokað að ákvæðinu verði beitt samhliða öðrum ákvæðum sem mæla fyrir um hærri refsímörk eða varða kynferðisbrot, svo sem 194. gr. laganna.

Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til alvarleika háttsemi ákærða og tengsla hans og brotþola telur dómurinn að ákærði hafi á alvarlegan hátt ógnað heilsu og velferð brotþola. Hann nýtti sér yfirburðastöðu sína og braut gegn henni á sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt. Verður brot ákærða því jafnframt heimfært til 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. b í almennum hegningarlögum.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 13. nóvember 2024, hefur hann átta sinnum gengist undir lögreglustjórásátt vegna umferðar- og fíkniefnalagabrota. Hinn [...] 2014 var hann dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í fangelsi í 60 daga, skilorðsbundið til þriggja ára, vegna brots gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi vegna umferðarlagabrota með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2023.

Brot ákærða var framið fyrir uppkvaðningu síðastgreinds dóms og verður ákærða því gerður hegningarauki. Við ákvörðun refsingar verður lítið til alvarleika háttseminnar en með henni braut ákærði gróflega gegn kynfrelsi brotþola og nýtti sér yfirburði sína gagnvart henni, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður lítið til einbeitts ásetnings ákærða, sbr. 6. tl. sama ákvæðis. Þykir hann ekki eiga sér málsbætur. Þótt nokkuð sé um liðið frá því að brot ákærða var framið þykja tafir þær sem urðu á meðferð málsins ekki vera þess eðlis að hafi áhrif við ákvörðun refsingar. Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár.

Brotþoli krefst þess að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1., sbr. 2. mgr., 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Hefur hann með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 gagnvart brotþola. Háttsemi ákærða er til þess fallin að valda brotþola miska

en ráða má af framburði brotaþola og vitna að hún hafi valdið brotaþola mikilli vanlíðan sem hún glími enn við. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 2.500.000 krónur með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 4.017.600 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ingu Lillýjar Brynjólfssdóttur lögmanns, 1.833.030 krónur, og 399.043 krónur í annan sakarkostnað. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Bartosz Milbrandt, sæti fangelsi í þrjú ár.

Ákærði greiði A 2.500.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. nóvember 2021 til 19. júlí 2023, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 4.017.600 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ingu Lillýjar Brynjólfssdóttur lögmanns, 1.833.030 krónur, og 399.043 krónur í annan sakarkostnað.